




Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Borgarholtsskóli í nýju lagaumhverfi

Starfsdagar í mars 2009



Efnisyfirlit

Dagskrá starfsdaganna	4
Inngangur	5
Erindi.....	6
Ólafur skólameistari	6
Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund.....	6
Svali Björgvinsson	7
Pallborðsumræður – helstu atriði	9
Þverfagleg vinna	12
1. Framhaldsskólaprófið	12
Hópur 1A.....	12
Hópur 1B.....	13
2. Hugmyndafræðilegt námsumhverfi skólans	15
Hópur 2A.....	15
3. Stoðkerfið í breyttu lagaumhverfi	17
Hópur 3.....	17
4. Stefna skólans endurskoðuð með hliðsjón af breytingum	20
Hópur 4.....	20
5. Möguleikar á þverfaglegu samstarfi í nýju lagaumhverfi	21
Hópur 5A.....	21
Hópur 5B.....	23
6. Dreifnám – námsþing	24
Hópur 6.....	24
7. Fullorðinsfræðsla.....	27
Hópur 7.....	27
8. Ný braut.....	31
Hópur 8A.....	31
Hópur 8B.....	33
9. Nýannir	34
Hópur 9A.....	34
Hópur 9B.....	35
10. Lykilhæfnipættir	37

Hópur 10A.....	37
Hópur 10B.....	38
Vinna í fagdeildum.....	40
Starfsnámsbrautir.....	40
Bóknám – Almenn námsbraut – Starfsbraut.....	46
Málmiðnir.....	56
Bíliðnir.....	58
Listnám.....	64
Íþróttir.....	65
Samantekt og mat.....	66
Næstu skref – lokaorð frá skólameistara.....	68

Dagskrá starfsdaganna

- **16. mars kl. 8:30-16:00**

- **Kaffi**
- 9:00 – 9:15 Inngangur
 - Ólafur Sigurðsson
- 9:15 – 10:15 Kynning: Hvað hafa aðrir verið að gera?
 - Menntaskólinn við Sund – Már Vilhjálmsson skólameistari
- Kaffi (30 mín.)
- 10:45 – 11:45 Fyrirlestur: Að takast á við breytingar
 - Svali Björgvinsson mannauðsstjóri og sálfræðingur
- 11:45 – 12:00 Kynning á hópastarfi
- Hádegismatur (1 klst.)
- 13:00 – 16:00 Þverfaglegt hópastarf
- Léttar veitingar í matsal.

- **17. mars kl. 8:30-16:00**

- **Kaffi**
- 9:00 – 10:30 Pallborðsumræður með fulltrúum hópa.
 - Samantekt Ólafur Sigurðsson
 - Breytingar í BHS: Markmið, tilgangur og ávinningur.
- 10:30 – 11:00 Kaffi (30 mín)
- 11:00 – 16:00 Hópastarf í fagdeildum (hádegismatur 12:00 – 13:00)
 - Drög að ytri ramma brauta.

Inngangur

Dagana 16. og 17. mars var efnt til starfsdaga í Borgarholtsskóla með þátttöku allra starfsmanna. Þema starfsdaganna var „Borgarholtsskóli í nýju lagaumhverfi“ og var markmiðið að hefja formlega starf við innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla sem samþykkt voru á Alþingi vorið 2008. Antoni Mátí Gylfasyni og Guðrúnu Ragnarsdóttur hafði verið falin umsjón með skipulagningu dagana í samráði við kennslustjóra, aðstoðarskólameistara og skólameistara. Ákveðið var að leggja opin og skapandi verkefni fyrir tiltölulega litla hópa þvert á deildir fyrri daginn en seinni daginn áttu þeir kennarar sem vinna saman að gera tilraunir með að skapa nýjar brautir á sínu sviði/deild eða uppfæra þær sem fyrir eru í ljósi breytts lagaumhverfis og leggja þannig drög að ytri ramma brauta.

Þeir Mátí Vilhjálmsson rektor Menntaskólans við Sund og Svali Björgvinsson mannauðsstjóri og sálfræðingur voru fengnir til að halda erindi í upphafi starfsdaganna. Mátí miðlaði af reynslu sinni af miklu breytingaferli sem staðið hefur yfir í MS frá því árið 2005. Breytingarnar fela m.a. í sér að hefðbundinn bekkjarskóli sem stendur á gömlum grunni er færður í nútímalegra horf með því að innleiða lotubundið bekkjarkerfi og gera allt nám í skólanum verkefnaamiðað. Þó svo að rætur breytinganna í MS teygji sig langt aftur fyrir tilkomu nýrra laga, og þrátt fyrir að MS og BHS séu ólíkir skólar, má ljóst vera að Borghyltingar geta ýmislegt lært af kollegu sínum við Sund.

Svali Björgvinsson hefur auk langrar reynslu sinnar af skólastarfi í hlutverki kennara mikla reynslu af breytingastjórnun í skólastofnunum. Meðal þess sem hann hefur komið að eru breytingar sem gerðar voru fyrir nokkrum árum á skipulagi náms við lagadeild HÍ. Hann var fengin til að tala um þátttöku starfsfólks í breytingum á vinnustað og hvernig best væri að undirbúa sig þegar miklar breytingar á starfsumhverfi eru yfirvofandi.

Eftir erindin fór fram hópastarf og voru niðurstöður hópanna kynntar með pallborðsumræðum í byrjun starfsins á þriðjudeginum. Að þeim loknum var unnið undir stjórn kennslustjóra að útfærslum á brautum innan hvers sviðs.

Meginefni þessarar skýrslu er afurðir þeirra hópa sem voru að störfum. Eru afurðirnar að mestu eins og þær bárust frá riturum hópanna nema hvað nöfnum meðlima hópa hefur verið sleppt. Í lok skýrslunnar er að finna stutta samantekt á helstu niðurstöðum auk hugleiðinga um næstu skref.

Starfsdagarnir marka að vissu leyti upphafið að markvissu starfi okkar Borghyltinga að innleiðinga nýju laganna. Fyrsta skrefið af mörgum var stigið í átt að nýju skipulagi skólans þar sem nemandinn er í forgrunni. Viljum við þakka öllum þeim sem tóku þátt í hópastarfinu kærlega fyrir þeirra framlag.

Anton Mátí Gylfason

Guðrún Ragnarsdóttir

Erindi

Hér á eftir fara punktar úr erindum þeim sem flutt voru í upphafi starfsdaganna. Þær myndskyggjur sem fyrirlesarar studdust við er að finna í bhs möppunni undir `\sameignir starfsmanna\skrifstofa\starfsdagar í mars 2009`.

Ólafur skólameistari

Ólafur Sigurðsson, skólameistari, opnaði dagsrána á mánudagsmorguninn. Hann talaði um þann veruleika sem blasir við okkur hér í BHS með tilkomu nýrra laga og það starf sem framundan er við framkvæmd þeirra. Ólafur taldi þó rétt að segja frá samþykkt bókunar um frestun á gildistöku ákveðinna ákvæða nýrra laga s.s. um lengingu skólaárs og upptöku framhaldsskólalæininga.

Ólafur sagði frá námskeiði á vegum Menntamálaráðuneytis og Endurmenntunar HÍ nú á vorönn sem kennslustjórar ásamt ritstjóra skólanámsskrár sækja. Því má segja að hvert sviðs innan skólans hafi á að skipa sérfróðum aðila í ýmsum þáttum hinna nýju laga.

Skólameistari sagði frá fréttum frá Japan um tilraunir með vélmenni við kennslustörf og minnti á að þó svo að skólafólki finnist það að sjálfsgöðu fáránleg hugmynd þá sé ákveðin hættu á að við verðum að vélmennum vanans samanber „svefngöngur vanans í ljóðinu Söknuður eftir Jóhann Jónsson. Sjaldan hefur sést á byggðu bóli eins mikið frjálsræði hvað varðar innihald og ytri ramma brauta og skólastarfsins í heild sinni og það tækifæri ber að nýta.

Að lokum sagði skólameistari frá styrkumsókn sem nýverið var send Menntamálaráðuneytinu. Í umsókninni var lögð áhersla á þær brautir og það starf sem ekki er fyrir hendi annarstaðar en í BHS. Sem dæmi um þetta nefndi hann framhaldsskólaprófið, þróun grunndeilda í mál og bál, starfsþjálfun nemenda og fleira.

Í lok máls síns kynnti skólameistari Mára Vilhjálmsson til sögunnar.

Mára Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund

Erindi sitt nefndi Mára „Breytingastjórnun – aðferð og útfærsla“. Hann fór yfir ástæður þess að farið var að huga að breyttu námsskipulagi í MS og sagði þær í raun ekkert tengjast nýjum lögum. Það sem hratt þeim af stað var fyrst og fremst breyttur nemendahópur sem sækir skólann og ný nemendamiðuð sýn á nám. Auk þess hafði verið viðverandi halli á rekstri skólans sem þurfti að snúa til betri vegar.

Mára talaði um að róttækar breytingar misheppnist mjög oft. Ástæður þess eru einfaldar: undirbúningi er ábótavant, tímarammi er of knappur, markmið óljós, valtað er yfir fólk, ávinningurinn er fárra, ekki er gert ráð fyrir kostnaði við innleiðingu o.s.frv. Hann lagði áherslu á að markmið væru skýr.

Breytingarnar fyrir höndum eru eitthvað sem allir framhaldsskólar þurfa að takast á við. Krefst þær mikillar vinnu af hendi skólanna. Í stað þess að fá nýjar námskrár, tilbúnar í neytendapakkingum frá menntamálaráðuneyti þurfum skólarnir sjálfir að búa þær til. Mikil vinna og mikil ábyrgð. Auðvitað er hægt að víkja sér undan þessu og bíða einfaldlega eftir því að einhver annar vinni þessa vinnu – en

Það er ekki leiðin sem MS vildi fara; þar vildi fólk breytingar. Már telur að kjarasamningsmálum verði velt út til skólanna í formi stofnanasamninga. Hefði talið heppilegra að fá miðlægar línur inn í kjarasamningsgerðina.

Í MS var um breytingar á gamalgróinni stofnun að ræða. Breytingarnar eru víðtækar, tengjast m.a. rekstri, skipulagi og þjónustu, skráningu verkferlar, skilgreiningu starfa og gátlista vegna ýmissa verka. Að auki vildu menn styrkja liðsandann – kurteisi kostar ekki neitt! – efla félagslíf og veita viðurkenningar á tímamótum.

Ákveðið var eftir stefnumótunarvinnu árið 2008 að taka upp lotubundið bekkjarkerfi þannig að nýta mætti kosti bekkjarfyrirkomulags um leið og opnað væri fyrir aukna verkefnatengda vinnu nemenda. Már sagði frá styrktarsjóði fyrir þróunarverkefni, en úr þeim sjóð hafa verið veittir styrkir til verkefna innan skólans. Kerfisstjóri var ráðinn til að smíða kerfið, samkvæmt forskrift stjórnenda og stýrihóps. Síðan voru þrír sviðsstjórar innan skólans ráðnir til að smíða skapalón og leggja þar með línurnar fyrir námsskrárgerð innan sviða og brauta. Hugmyndin er að skapalónið verði tilbúið í apríl nk. og kerfið í heild sinni að mestu í maí. Ætlunin er að prufukeyra ýmsa þætti í kerfinu á næsta skólaári. Gert er ráð fyrir mistökum sem þurfi að leiðrétta og gefin tími í það. Auk kerfisins sjálfs er nauðsynlegt að sinna ýmsum hliðarverkefnum og virkja umbunarkerfi.

Már líkti bekkjarfyrirkomulagi við rútu; nemendur koma allir inn á stað A og fara allir út á stað B, enginn kemur inn eða fer út á leiðinni. Breytt samsetning nemendahóps krefst breytinga á þessu fyrirkomulagi. Kostur bekkjarins eru samkennd og bekkjarandi og í það vill fólk halda. Þó þarf að sníða kerfið eftir þörfum nemandans en ekki kennarans. Það er eitthvað skrítið við það að skipuleggja allt skólastarf út frá þörfum kennara.

Í stefnumótunarvinnu var ákveðið að gera náttúrulæsi, menningu og sögu að áherslum skólans. Þessu á að ná fram með verkefnatengdu námi. Vilji er til þess að nemendur séu að fást við raunhæf verkefni úr umhverfi sínu. Sagði Már m.a. frá áfanganum „mæling heimsins“ sem hugmyndin er að komi í stað hefðbundinna stærðfræðiáfanga.

Að lokum tók Már saman helstu atriði erindis síns og svaraði nokkrum spurningum.

Svali Björgvinsson

„Breytingar og viðbrögð við þeim.“ Nokkrir punktar.

- Það eru ekki sterkustu tegundirnar sem lifa af heldur þær sem sýna mesta aðlögunarhæfni gagnvart breytingum.
- Sýndi á grafi samanburð á fólksfjölgun, bílum, sjónvarpstækjum og gamsum (og fótanuddtækjum).
- Sýndi mynd af dýrategundum sem hafa náð mis miklum árangri í að aðlagast breytingum.
- Breytingar eru að verða og við getum ekki staðið á móti þeim. Því verðum við að taka þátt hvort sem okkur líkar betur eða verr.

- Átta stig breytinga:
 1. Rannsóknir sýna að á þessu stigi stranda flestar breytingar. Fólk sem er sátt við núverandi ástand vill ekki breyta, sér ekki ástæðu til þess.
 2. Skapa þarf sterka liðsheild, marföldunaráhrif hópa – styrkur hópa. „Maðurinn er ei meira en hálfur, með öðrum er hann sjálfur.“
 3. Skapa framtíðarsýn – skýr, mælanleg markmið, sjálfstæði til að móta eigin stefnu.
 4. Miðla framtíðarsýn.
 5. Veita fólki umboð til athafna.
 6. Umbuna bættu frammistöðu – áfangasigrar.
 7. styrkja framfarir og breytingar (jákvæð styrking).
 8. Festa nálgun í sessi, breyting á menningu og gildum – frysta ástandið eftir breytingarnar.
- „Ekkert grefur meira undan breytingum en hegðun stjórnenda sem er í ósamræmi við orð þeirra.“ (John P. Kotter) „Ekkert grefur meira undan góðu uppeldi en hegðun foreldra sem er í ósamræmi við orð þeirra“ (NN).
- Tökum breytingum fagnandi.
- Hugurfar (jákvætt \leftrightarrow neikvætt) Fólk kys sér hugarfar. Neikvætt hugarfar er smitandi.
- Hvað er lið? Lið er hópur sem hefur sameiginlegt markmið og tilgang.
- Kenning Svala um lið:
- Sameiginleg markmið.
- Ólíkir einstaklingar, fjölbreytt sjónarhorn.
- Skýr hlutverk, fólk er meðvitað um hlutverk sitt.
- Sameiginleg gildi.
- Ef þetta er til staðar erum við með lið, annars hóp.
- Markmiðin sem slík eru ekki það sem snillin liggur í heldur liggur hún í þeim leiðum sem eru valdar eru að þeim.
- Það sem Svali vildi að fólk tæki með sér heim af fyrirlestrinum: Breytingar eru óhjálvæmilegar og eru skemmtilegar.

Pallborðsumræður – helstu atriði

Í pallborði sátu: Vigfús Geirdal, Hlynur Helgason, Hrönn Hilmarsdóttir, Bára Stefánsdóttir, Hafdís Ólafsdóttir, Hildur M. Einarsdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir list, Ólafur Ingi Ólafsson, Jette Dige Pedersen. Ólafur skólameistari stjórnáði umræðum.

Framhaldsskólaprófið – Guðrún Ragnars list

Hópar mjög sammála. Hugsað sem þverfaglegt tveggja ára nám, starfsmiðað. Höfða til áhugasviðs nem. Hægt að læra tungumál samhliða öðrum greinum t.d. Tengt daglegu lífi. Útskrifast með lokaverkefni, þverfaglegt. Tekin eru viðtöl við nemendur í byrjun þannig að þau viti hvað þau eru að fara út í. Ef nem. hafa áhuga á að fara lengra geta þeir það en brautinni líkur með prófi/lokaverkefni. Hóparnir voru með hugmyndir að brautum.

Hugmyndafræðilegt námsumhverfi – Jette Dige Pedersen

Tveir hópar voru sameinaðir. Það fyrsta var að yfirmarkmið skólans skyldi vera skapandi hugsun. Útfæra þarf þetta yfirmarkmið fyrir einstakar brautir og einstaka áfanga. Til að fá yfirmarkmiðið samþykkt þurfa allir að vera meðvitaðir um hvað yfirmarkmiðið þýðir og mikilvægt er að það endurspeglar í námsmatinu. Þetta þýðir örlítið breytta áherslu í námsmatinu sjálfu.

Svót greining fór fram og voru styrkleikar þeir að hér við skólann er starfandi öflug listnámsbraut þar sem sækja má hugmyndir auk þess sem andi nýrra laga virðist vera í þessa veru. Passar vel við núverandi þjóðfélagsaðstæður þar sem þörf er á sköpun

Stoðkerfi skólans – Bára Stefánsdóttir,

Hvaða áhrif hafa ný lög á stoðkerfið? Ekki mynnst á bókasöfn, skrifstofu eða tölvuþjónustu í nýjum lögum. Það telur hópurinn ekki hafa áhrif hér enda nauðsyn deildanna augljós. Mikil áhersla er á náms- og starfsráðgjöf í nýjum lögum og sér hópurinn töluverð sóknarfæri á þeim vettvangi. Hvað skrifstofu varðar ræddi hópurinn á að þörf væri á að skýra nýju lögin á mannamáli. Bæta þarf aðstöðu og fjölga starfsfólki. Virðast nýju lögin og breytt skipulag kemur að öllum líkindum til með að auka álag eitthvað. Bæta þarf upplýsingaflæði um skólann og taka upp hentugri fundartíma.

Stefnuskrá skólans – Vigfús Geirdal

Hópar voru sameinaðar. Fólki bar saman um að stefnuskrá BHS og ný lög stangast ekki á – hún er fullkomlega í anda nýrra laga. Þó eru nokkur atriði sem ákveðið var að hnykkja betur á. Hugtök eins og lýðræði og siðgæðisvitund komu inn. Meginstefnan er góð en bæta mætti við að leggja rækt við persónulegan þroska og siðgæðisvitund nemenda. Framtíðarsýnin er í takt við ný lög en auka má áherslu á samskipti við forráðamenn. Einnig var rætt um símenntun og lagði hópurinn til að aukin áhersla væri á að skapa ný tækifæri á því sviði. Auka þarf stuðning við þá nemendur sem koma erlendis frá eftir langa skólagöngu. Lagt er til að inn í stefnuskránni verði klausa um aukna fullorðinsfræðslu og símenntun. Rætt var um kaflann í stefnuskrá sem fjallar um nemandann í brennidepli. Persónuverndarmál voru til umræðu, skortur á viðtalsrými og geymslu fyrir trúnaðarupplýsingar. Auka stuðning við nemendur sem koma til náms eftir hlé.

Þverfaglegt samstarf – Ólafur Ingi Ólafsson

Hópurinn metur þann anda sem í nýjum lögum fellst um þverfaglegt samstarf. Nýjar annir koma til með að auka möguleika á þverfaglegu samstarfi. Hugmynd um að hafa sérstakan dag, eða tíma, fyrir þverfaglegt samstarf. Breytingar á kerfi eru þungar í vöfum. Spurning hvort lotukerfi er fjölskylduvænt („bannað að vera veikur“).

Hópurinn bjó til ýmsar hugmyndir um áfanga t.d. bremsur og öryggi, heimspeki og þýska, ferðalangur I og II o.s.frv.

Dreifnám – Hafdís Ólafsdóttir

Hugsanlegar leiðir skoðaðar vítt og breytt. Byrjuðu á að skilgreina hugtakið dreifnám og skoða möguleika námsþingsins. Ræddu um möguleika á notkun námsþings í hinni opnu kennslustofu. Ekki einblínt á dreifnám sem slíkt heldur möguleika tækisins.

Ræddu um muninn á kennara- og nemendamiðuðu námi. Hið síðarnefnda fellst m.a. í að nemandi geti nálgast uppl. þegar honum hentar. Grunnforsenda til að nemandi geti notað sér upplýsingatækni. Til þess að geta nýtt sér námsþing og þau tæki sem til eru þarf að sjá til þess að kennarar njóti endurmenntunar/námskeiða. Stefna skal að því að mennta kennara í múðlunni í anda nýrra laga, þ.e. á þremur stigum.

Fullorðinsfræðsla – Hildur M. Einarsdóttir

Hópar voru sameinaðir. Ræddu fullorðinsfræðslu vítt og breytt. Sumir kennarar hafa verið í námi í fullorðinsfræðslu. Ræddu um stöðuna í BHS sem ekki er nógu góð. Ýmislegt má bæta.

Staðan er sú að í dag er fækkun á brautunum. Ræddu sýn stjórnenda á fullorðinsfræðslu almennt og taldi hópurinn þörf á að hafa kennarafund eða starfsdag um fullorðinsfræðslu og að myndaður yrði stýrihópur um málaflokkinn. Skólinn þarf að móta stefnu í fullorðinsfræðslu. Efla má núverandi brautir í fjarnámi með því að bæta inn kjarnagreinum, en þær verða nemendur að sækja í aðra skóla. Einnig vildi hópurinn að auglýstir væru styrkir til þróunar í dreifnáminu og könnun væri gerð á þörfum fyrir nýjar brautir.

Nýjar námsbrautir

Hlynur

Áttu að skipuleggja nýjar námsbrautir en voru aðallega að skoða umgjörðina sem nýju lögin skapa. Ræddu um möguleika á þverfaglegu námi. Ræddu um skilyrði inngöngu í háskóla og nauðsyn þess að nemendur væru vel undirbúnir. Ræddu um þriggja ára kjarnanám en á eftir því kæmi eins árs sérhæfing. Lykilhæfnipættir voru ræddir og velti hópurinn því fyrir sér hvernig þeir kæmu heim og saman við skipulag einstakra brauta.

Hans

Lítið sameiginlegt með hinum hópnum. Hópurinn var lengi að koma sér saman um hvernig braut ætti að búa til en kom sér loks saman um að gera braut sem heitir Lífstílsbraut.

Nýannir – Hrönn Hilmarsdóttir

Tveir hópar fjölluðu um málið. Rétt er að taka fram að ekkert í nýjum lögum kveður á um nýannir og þessi ákvörðun hefur ekki verið tekin.

Kostir: styttri sprettir og örari umbun. Nem geta einbeitt sér að færri áföngum í einu. Reynar er hægt að gera þetta innan núverandi kerfi þ.e. þetta með stuttu sprettina. Möguleiki á lengri tíma til verkefnavinnu.

Gallar: ef veikindi nem. eða kenn. koma upp er stór hluti námsins farin fyrir bý. Kallar á fleiri stofur, minni námshópa, stýra þarf vali nemenda meira.

Ytra skipulag: leiðir til einsleitara skipulags og árekstrar munu væntanlega minnka. Auðveldar nemendum að taka áfanga úr mismunandi kerfum. Þá verða þó allar brautir að lúta sama skipulagi og allir áfangar verða að vera jafn langir. Hægt er að gera þetta innan núverandi kerfis með því að hafa alla áfanga þannig að þeir séu kenndir 2x40 mín eða jafnvel 4x40 mín í röð. Kallar á töflugerð 4x á ári.

Niðurstaða: fjögurra anna kerfi hefur bæði kosti og galla sem vega þarf og meta. Hvort kerfi sem fyrir valinu verður kemur til með að skapa vandamál – en þau eru til að leysa!

Lykilhæfnipættir – Guðný María Jónsdóttir

Báðir hóparnir sammála. Kenna þarf nemendum að bregðast við hinum truntulega nútíma. Þörf á að vinna á móti því að í skólanum eru margir skólar. Leggja þarf áherslu á blöndun í stað þess að hafa nemendur í bekkjum eftir brautum. Einnig þarf blöndun á meðal kennaraliðsins.

Hóparnir sammála um það að nám, sem er í líkingu við það sem er í lífsleikni í dag, sé nauðsynlegt og að það verði þvert á brautir í stað þess að vera bundið brautum eins og nú er.

Í lok kynninganna gafst starfsmönnum færi á að varpa fram fyrirspurnum til þátttakenda í pallborði. Meðal þeirra spurninga sem fram komu voru:

- Getur múðlan komið þeim að notum sem missa úr vegna veikinda? (Margrét Rósa)
- Staða norðurlandamála og þriðja og fjórða máls? (Sigurborg)
- Breytist lengd á kennslustundum vegna f-eininga? Bendir á nauðsyn þess að tölvukerfi skólans verði bætt. (Jón Ben)
- Var rætt um tímalengd kennslustunda? (Guðm. Þórh.)

Að síðustu dró Ólafur skólameistari saman helstu atriði.

Nefnir að töluvert hafi borið á hræðslu eða óöryggi vegna fyrirsjáanlegra breytinga. Nefnir að í BHS sé hefð fyrir breytingastarfi. Hann telur það sem fram kom í máli Svala, að „selja“ þurfi fólki breytingaþörfina, eigi ekki við í skóla þar sem alltaf sé þörf fyrir endurnýjun, þróun og breytingar.

Ólafur lítur svo á að það sem fram fór á starfsdögum sé upphafið að því breytingastarfi sem framundan er. Í framhaldi af starfsdögum verða settir saman rýnihópar sem hafa það verkefni að kafa ofan í einstaka þætti breytingaferlisins. Sem dæmi má nefna að framhaldsskólaprófið verði byggt á þeirri reynslu sem til er í skólanum.

- ❑ Starfsmiðað nám, ætlað að höfða til áhugasviðs nemenda sem ekki uppfylla inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir. Samstarf við atvinnulífið nauðsynlegt til að námið verði trúverðugt.
- ❑ Tengja námsefnið daglegu lífi.
- ❑ Einnig bóklegur undirbúningur fyrir þá sem hafa slegið slöku við
- ❑ Lykiláfangar breyttir frá því sem nú er
- ❑ Þverfagleg nálgun
- ❑ Lykilhæfnipættir fléttaðir inn í nýja áfanga, t.d. stærðfræði daglegs lífs
- ❑ Byggt verður á reynslu sem fengist hefur í starfi almennrar námsbrautar

Hópur 1B

BHS 16. Mars 2009

Hópur A stofa 303

Hagnýtt framhaldsskólapróf að hætti Borgarholtsskóla

Sá hópur ungmenna fer sístækkandi sem ekki kemst beina leið að loknu grunnskólaprófi inn á námsbrautir framhaldsskólans s.s. listnám, bóknám eða starfsnám. Þeir sem ekki uppfylla þessi skilyrði þurfa að ljúka svokölluðu framhaldsskólaprófi.

Á fyrsta ári framhaldsskólanámsins hefur stærstur hluti þessara nemenda náð sér í næga þekkingu og eru færir um að fara yfir á listnáms-, bóknáms- eða starfsnámsbrautir.

Þeir nemendur sem eftir þetta eina ár eru ekki tilbúnir inn á ofangreindar brautir taka annað námsár og ljúka þar með framhaldsskólanámi.

Nemendur eiga að hafa val um mismunandi námsleiðir innan brautarinnar og hvort þeir sökkvi sér djúpt í fáar útvaldar námsgreinar eða afli sér almennrar þekkingar í fleiri greinum.

Framhaldsskólanámið:

Til að þróa þetta nýja framhaldsskólanám þarf framhaldsskólinn að stíga út úr hinum hefðbundna ramma og vera óhræddur að prófa nýjar leiðir þar sem mistök eru eðlilegur hluti af ferlinu. Námið skal :

- ➔ vera hagkvæmt, spennandi og áhugavert.

- vera fjölbreytt (sjá skýringarmynd)
- vera þverfaglegt
- ljúka með þverfaglegu lokaverkefni
- byrja á því að rætt verður við nemandann um val hans
- ljúka með útskriftar viðhöfn þar sem nemandur fá húfu

Við leggjum áherslu á að námið sé þverfaglegt, þar sem bóklegar greinar s.s. enska, íslenska, stærðfræði og danska fléttast inn í verklegar greinar. Þannig vinna 2 kennarar saman s.s. eins og dönsku- og málmsmíðakennari þar sem námsefnið er á dönsku. Ef nemandur geta valið sér verklegar námsgreinar sem tengjast áhugasviði þeirra virkar það sem hvati til að læra bóklegu greinina.

Skoða þarf vandlega hvaða kröfur þarf að gera til nemenda í bóklegum fögum samkvæmt hinni nýju námsskrá, þannig að nám þeirra uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til náms á 1. þrepi

Við setjum spurningarmerki við tímaramma kennslustunda. Hugsanlega væri gott að stytta þær eða jafnvel koma á lotunámi.



MARGVÍSLEGIR VALMÖGULEIKAR NEMENDA



2. Hugmyndafræðilegt námsumhverfi skólans

Hópurinn vinnur drög að hugmynd um það námsumhverfi sem nemendur, kennarar og starfsmenn koma til með að starfa í. Til námsumhverfis telst bæði aðstaða (húsnæði) og sá hugmynda- og kennslufræðilegi rammi sem vinna á eftir.

Hópurinn á að SVÓT greina þann ytri ramma sem hugmyndir eru um að taka upp, þ.e. fjögurra anna kerfið e.t.v. með opnum vinnustofum, sjá meðfylgjandi eyðublað. Hópurinn greinir einnig hvaða áhrif breytt fyrirkomulag náms hefur á umgegni um skólahúsnæðið.

Hópur 2A

Verkefni hópsins var að vinna drög að hugmynd um það námsumhverfi sem nemendur, kennarar og starfsmenn koma til með að starfa í. Til námsumhverfis telst bæði aðstaða (húsnæði) og sá hugmynda- og kennslufræðilegi rammi sem vinna á eftir.

Hópurinn á að SVÓT-greina þann ytri ramma sem ætlunin er að taka upp, þ.e. fjögurra anna kerfið e.t.v. með opnum vinnustofum, sjá meðfylgjandi eyðublað. Hópurinn greinir einnig hvaða áhrif breytt fyrirkomulag náms hefur á umgegni um skólahúsnæðið.

Hópar A og B slógu sér saman. Hópstjóri var Jette og ritari Margrét Rósa. Hugmynd Jette um að skólinn leggi áherslu á skapandi hugsun var grundvöllur umræðunnar. Þetta er kennslufræðileg stefna sem hentar öllum deildum skólans. Aðalspurningin er hvernig þessi hugmynd verður framkvæmd í kennslunni og einnig í námsmati.

Kennarar þurfa fyrst og fremst að læra að vera skapandi. Það hefst með tímanum og nýrri hugsun. Leggja þarf áherslu á verkefnavinnu, t.d. var rætt um hvernig þetta yrði framkvæmt í bifvélavirkjun.

Nauðsynlegt er að endurhanna námsefnið. Nemendur og kennarar fá ýmsar hugmyndir og vinna að því að koma þeim í framkvæmd. Skapandi vinna, að framkvæma hugmyndir þarfnast meiri einstaklingsnálgun og örvun í kennslu

Eins og er trúna nemendur of mikið öllu því sem kennarinn segir og því sem stendur í kennslubóknum. Við viljum að nemendur hugsi sjálfstætt. Við viljum ögra þeim, þannig að þá langi til að komast á næsta stig hugsunar, sem er skapandi hugsun. Í stað þess að nemendur læri bara þekkingaratriði utanbókar geti þeir unnið eitthvað sjálfir úr efninu, skapað. Þó er mikilvægt að hafa faglega og sterka kennara sem þekja efnið betur en nemendur svo þeir geti bætt einhverju við það sem nemendurnir finna út.

Mikilvægt að kennarinn geri nemandanum grein fyrir mikilvægi þess að:

- 1) nemandinn þekki ferli námsins
- 2) nemandinn njóti námsins og upplifi gleði af sköpunarstarfi

Við viljum sjá sveigjanlegt námsumhverfi í skólanum. Rætt var um stundatöfluna í Framhaldsskólanum á Laugum þar sem allir nemendur skólans eru á sama tíma í skólanum og tímar í faggreinum skiptast á við vinnustofur undir handleiðslu kennara. Kennslustundafjöldi hvernar námsreinar yrði skipt í tvennt þannig að helmingurinn færi fram í hefðbundnu kennslustundaformi og

hinn helmingurinn í vinnustofum þar sem nemendur vinna sjálfstæð verkefni undir eftirliti kennara. Þetta fyrirkomulag brýtur upp hefðbundna kennslu og býður t.d. upp á samþættingu greina. Einnig gefur það færi á að kennari haldi eftir fámennum hópi nemenda sem þarfnast sérstakrar kennslu og sinni þeim á einstaklingsmiðaðan hátt.

Allar námsgreinar ættu að vera kenndar í lotum. Reyndar hentar það sumum greinum betur en öðrum en gott skipulag ætti að vera lausn við þeim vanda. Lotukerfið einfaldar að sumu leiti töflugerð, skóladagurinn verður samfelldari og komið er í veg fyrir árekstra. Það ætti að vera hægt að setja alla áfanga upp sem lotur enda er það að hluta eða öllu leyti gert í mörgum greinum. Lotukerfið er einnig einfaldara fyrir nemendur þar sem þeir einbeita sér að fáum námsgreinum í einu.

Að lokum var rætt um hvort það ætti að bjóða upp á hafragraut á morgnana og tm-hugleiðslu fyrir allan skólann áður en hafist er handa við verkefni dagsins.

SVÓT – greining fyrir nýtt námsumhverfi skólans sem byggt er á skapandi hugsun:

Styrkleikar		Veikleikar	
Innri þættir	Eitt markmið fyrir allan skólann í samræmi við ný lög byggir á þekkingu sem er til staðar einstaklingurinn fær að njóta sín Eflir skapandi hugsun eflir frumkvöðlahugsun þjálfar aga	erfitt að sjá hvernig á að framkvæma hlutina hugarfar kennara hugarfar nemenda agaleysi	
Ytri þættir	nemendur njóta sín og þroskast. Taka það með út í lífið virkari nemendur Eflir skapandi hugsun	neikvæð viðhorf samfélagsins	
Ógnanir		Tækifæri	
Innri þættir	tímfrekara skortur á skilningi tímfrekara tregða fólks við breytingar óáþreifanleg hugmynd	breyta áföngum bæta skólastarfið breyta námsmati (einstaklingsmiðað) verkefnabundið nám styrkleikar fá að njóta sín fleiri umsækjendur um skólavist	
Ytri þættir	fjármögnun erfið samkeppni skortur á skilningi kreppa	kreppa/nýsköpun þjóðhagslega hagkvæmt eflir sjálfstæða hugsun	

3. Stoðkerfið í breyttu lagaumhverfi

Hópurinn skoðar áhrif nýrra laga á stoðeildir skólans. Huga þarf að því hvort og þá hvaða breytingum starfsemi deildanna þarf að taka. Eins þarf að huga að þeim tækifærum sem í lögnum felast til þróunar og endurmats stoðkerfisins og þeim grundvallarhugmyndum sem liggja því að baki.

Hópur 3

Stoðkerfið í ljósi nýrra laga

Áhrif á stoðeildir

Ekki er getið um bókasöfn, tölvuþjónustu eða skrifstofu í nýju lögnum. Þetta getur haft áhrif í nýjum skólum þannig að bókasafn verði t.d. ekki stofnað. Hjá okkur getur þetta boðið upp á meira frelsi til að útfæra stoðþjónustuna eftir þörfum skólans. Tækifæri til að efla stoðkerfi ef aukinn hluti af vinnu nemenda er undir verkstjórn kennara, í opnum vinnustofum og í heimanámi.

- a. Bókasafn
 - i. Lagagrein um skólasöfn felld út í nýju lögnum.
 - ii. Áfram nauðsyn fyrir markvissa bókasafns- og upplýsingaþjónustu.
 - iii. Þörf á að endurskipuleggja húsnæði bókasafns t.d. stúka betur af tölvurými og útbúa aðlaðandi horn fyrir nýtt efni, tímarit og dagblöð.
- b. Tölvuþjónusta
 - i. Í lögnum er lögð áhersla á að til staðar sé viðeigandi búnaður og aðstaða fyrir nemendur með sérþarfir í skólum en þetta kemur inn á starf bókasafns og tölvuþjónustu (34. gr.). T.d. sérsniðin námsgögn fyrir nemendur með dyslexíu.
- c. Náms- og starfsráðgjöf
 - i. Aukin áhersla á útfærslu, skyldur og hlutverk náms- og starfsráðgjafa í nýjum lögum.
 - ii. Aukin fjölbreytni í skólastarfi, breyting á námsfyrirkomulagi, mismunandi námskrá eftir skólum kallar allt á aukna náms- og starfsráðgjöf.
 - iii. Aukin upplýsingagjöf um skólastarf og breytingar á því til nemenda og foreldra og náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum kallar á aukna náms- og starfsráðgjöf.
 - iv. Í lykilhæfnipáttum er einn flokkurinn „námsleikni“ en náms- og starfsráðgjafar hafa hlotið sérstaka menntun á því sviði sem aukin þörf verður fyrir. Námsleikni fjallar m.a. um grundvallandi þætti fyrir nám, námsvenjur, námsaðferðir og námsstíl. Komið hefur í ljós að nemendur leita mikið til náms- og starfsráðgjafa vegna vinnubragða í námi og sýnt hefur verið fram á að nemendur með góðan námsárangur hafa betri námsaðferðir og námsvenjur.
 - v. Hugsanlega verður samþykkt á þessu þingi lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa sem mun hafa áhrif inn í framhaldsskólann.
 - vi. Mat á raunfærni getur verið hvati fyrir fullorðið fólk á vinnumarkaði til að ljúka formlegu námi. Þar með styrkist staða þess, fagstéttanna, fyrirtækjanna og þjóðarinnar almennt hvað varðar þekkingarstig og framþróun. Náms- og

starfsráðgjafi er einn af sérfræðingunum sem koma að raunfærnimati. Raunfærnimatsferlið er í nokkrum þrepum og kemur náms- og starfsráðgjafi að þeim öllum með sína fagþekkingu.

- d. Skrifstofa
 - i. Þörf fyrir meiri þekkingu á lögum og reglum á mannamáli vegna upplýsingagjafar til nemenda og forráðamanna.
 - ii. Fjölga starfsfólki á skrifstofu / meira rými.
 - iii. Þörf á auknum stuðningi við starfsfólk með sérþarfir.

Breytist hlutverk og hugmyndafræði stoðdeilda?

Gerum ráð fyrir að hlutverk einstakra stoðdeilda breytist ekki mikið. Þörf er á stærra stoðsviði (fleira starfsfólki) en ekki fjölbreyttara. Gera þarf stoðþjónustu sýnilegri í útgáfuefni skólans t.d. í stefnuskrá.

- a. Mikilvægi stoðdeilda eykst, einkum náms- og starfsráðgjafar.

Einstaklingsaðstoð á að standa þeim til boða sem þess þurfa og jafnframt þarf að þjálfa alla nemendur í aðferðum við að taka ákvarðanir um nám og störf. Til að önnur áherslan verði ekki á kostnað hinnar þarf náms- og starfsráðgjöf í skólum að vera skipulega útfærð og ekki mega of margir nemendur vera á bak við hvert stöðugildi náms- og starfsráðgjafa.

- b. Lagt er til að náms- og starfsfræðsla verði skyldugrein og að kennarar verði þjálfaðir í að samþætta efni náms- og starfsfræðslunnar við sínar námsgreinar.

Kynning á starfsvettvangi í tengslum við kennslugrein viðkomandi kennara getur til að mynda haft áhrif á námsval nemenda. Þar sem náms- og starfsráðgjafar starfa í samstarfi við fagkennara er unnt að tengja námsgreinar við störf. Tækifæri skapast um leið til að efla vitund nemenda á kröfum starfa og auka metnað þeirra í námi.

- c. Þörf á aukinni samvinnu/upplýsingaflæði milli stoðsviðs og kennara.

Kennarar þurfa margir að hafa meira samstarf við bókasafn vegna verkefna sem þeir leggja fyrir nemendur og ef þeir koma með námshópa á safnið í kennslustund.

- d. Aukna náms- og starfsráðgjöf og meira samstarf við stofnanir í hverfinu (Miðgarð og heilbrigðisþjónustuna).

Efla þarf upplýsingaflæði í skólanum almennt (frá stjórnendum til starfsmanna) og gefa meira svigrúm fyrir samvinnu/fundi.

- a. Setja fundartíma í töflu (viðbót við föstudagsfundartíma) vegna aukinnar samvinnu milli skóla og foreldra, skóla og stofnana (ekki nota hádegishléið).

- b. Hafa starfsmannafund í upphafi hverrar annar þar sem verkefnin framundan eru kynnt (ekki bara kennarafund).
- c. Koma upp innri vef fyrir starfsfólk. Efni m.a.: hvað er á döfinni (dagatal), fundargerðir, ljósmyndasöfn o.fl.
- d. Nota meira verkferla og gátlista í skólastarfinu (t.d. við móttöku nýrra starfsmanna).
- e. Skrifstofa hafi aðgang að dagatali stjórnenda (sjái hvenær þeir eru ekki við).
- f. Spurning um starfsmann til að hafa umsjón með alþjóðlegu samstarfi.

Hvernig tengist stoðkerfið lykilhæfnipáttum MRN?

Hægt að sjá hlutverk allra deilda/starfsmanna á einn eða annan hátt í öllum 8 þáttunum:

1. Tjáning og samskipti á íslensku sem móðurmáli
2. Tjáning og samskipti á erlendum tungumálum
3. Stærðfræði daglegs lífs
4. Náttúra, vísindi og tækni
5. Námsleikni
6. Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar
7. Menning, listir og sköpunarkraftur
8. Félagshæfni og borgaravitund

Námsleikni

- tileinka sér jákvætt viðhorf til náms (náms- og starfsráðgjöf)
- þekkja eigin styrkleika og setja sér raunhæf markmið (náms- og starfsráðgjöf)
- geta notað fjölbreyttar námsaðferðir og gögn (náms- og starfsráðgjöf)
- geta aflað upplýsinga eftir fjölbreyttum leiðum (bókasafn)
- nýta upplýsingar á ábyrgan hátt (bókasafn)
- geta tekist á við áskoranir í námi (náms- og starfsráðgjöf)
- geta skipulagt vinnutíma sinn og forgangsraðað viðfangsefnum (náms- og starfsráðgjöf)
- gera sér grein fyrir eigin ábyrgð á námi (náms- og starfsráðgjöf)

Náttúra, vísindi og tækni

- geta aflað gagna, flokkað, unnið úr og miðlað upplýsingum á gagnrýnninn og skapandi hátt (bókasafn)
- geta nýtt sér margvíslega tækni í þekkingarleit og miðlun þekkingar (bókasafn/tölvuþjónusta)

Menning, listir og sköpunarkraftur

- þekkja til helstu menningaverka innan lands sem utan (bókasafn)

Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar

- vera sjálfstæður í vinnubrögðum (skrifstofa/bókasafn/náms- og starfsráðgjöf)

4. Stefna skólans endurskoðuð með hliðsjón af breytingum

Hópurinn skoðar stefnuskrá skólans með hliðsjón af breyttu lagaumhverfi og gerir tillögur til úrbóta. Meta þarf hvernig stefnuskráin í dag rímar við það starf sem fram fer í skólanum og hvernig framtíðarsýnin er með tilliti til nýrra laga.

Hópur 4

Stefna skólans

Hópvinna þann 16. mars 2009

Hlutverk, grunngildi og meginstefna.

Meginstefnan er góð og samhljómur með henni og nýju lögunum en það mætti bæta við :að leggja rækt við persónulegan þroska og **siðgæðisvitund** nemenda.

Framtíðarsýn: Er hún í takti við ný lög? Já, en það mætti koma auknu samstarfi við forsjáraðila að í framtíðarsýninni. Bætum því við:

- Við erum í góðu samstarfi við forsjáraðila nemenda undir lögaldri.
- Við leggjum áherslu á aukið framboð símenntunar.

Lykiláherslur næstu þrjú ár: Rætt um 35. grein laganna. Höfum við úrræði fyrir nemendur sem ekki tala íslensku? Það teljum við ekki. Við erum ekki með einingabært íslenskunám fyrir útlendinga. Bætum því við:

- efla úrræði fyrir nemendur sem hafa dvalist langdvölum erlendis eða hafa annað móðurmál en íslensku.

Bætum við:

- nýta aðstöðu skólans eins og kostur er **til fullorðinsfræðslu** og símenntunar.

Nemandinn í brennidepli: Rætt um meðferð persónuupplýsinga sbr. 55. grein laganna. Engin aðstaða til að eiga samtöl við nemendur privat og enginn skápur til fyrir trúnaðarupplýsingar. Hvernig eigum við að geta fylgt lögum um persónuvernd sé þessi aðstaða ekki til staðar?

Bætum því við:

- stuðla að góðu samstarfi forsjáraðila og skólans.
- vanda meðferð persónuupplýsinga.

Bætum við :

- auka stuðning við nemendur sem eru að byrja nám eftir langt hlé.

5. Möguleikar á þverfaglegu samstarfi í nýju lagaumhverfi

a) Hópurinn metur þau tækifæri til þverfaglegs samstarfs sem í nýjum lögum felast. Einnig metur hann hvaða áhrif breyttur ytri rammi (þ.e. nýannir og opnar vinnustofur) hefur á slíkt samstarf.

b) Áfangalýsing: Hópurinn býr til áfanga eins og t.d. „Listir og tækni“ eða „Hugmyndir og samfélag“ eða „Bókin og bíómyndin“ eða „Málmur og saga“ eða „heilsa og sálfræði“ eða annað sem til fellur og hópurinn hefur hugmyndaflug í að skapa. Áfanginn á að ná upp á annað þrep sniðmátsins. Hópurinn gerir tillögu að áfangalýsingu þar sem skýrt og greinilega koma fram þekkingar-, færni- og hæfniviðmið, kennsluhættir, tímarammi innan nýannakerfisins, námsefni o.s.frv.

Hópur 5A

- a) Hópurinn metur þau tækifæri til þverfaglegs samstarfs sem í nýjum lögum felast. Einnig metur hann hvaða áhrif breyttur ytri rammi (þ.e. nýannir og opnar vinnustofur) hefur á slíkt samstarf.

Faglegur áhugi er vissulega til staðar en tæknilegar útfærslur eru í svolíttli þoku (stundatöflur, launagreiðslur, viðvera)

Eru nemendur nógu þroskaðir til að vinna í svona kerfi?

Umræða um skólann á Grundarfirði – virkaði mjög spennandi.

Krefst mikilla breytingar á „kerfinu“ – flækjustigið getur orðið hátt.

Miðvikudagur eftir hádegi – fer í svona þverfaglega vinnu (MA hefur unnið þannig).

Viss tími á önn (eins og HOF tíminn í MS).

Hvernig verður stundataflan fyrir nemendur / kennara? Óljóst.

Krefst mikillar samvinnu kennara, tíma og peninga?

Er lotukerfið fjölskylduvænt – veikindi kennara, veikindi barna. Þar er BANNAD að vera veikur.

- b) Áfangalýsing: Hópurinn býr til áfanga eins og t.d. „Listir og tækni“ eða „Hugmyndir og samfélag“ eða „Bókin og bíómyndin“ eða „Málmur og saga“ eða „heilsa og sálfræði“ eða annað sem til fellur og hópurinn hefur hugmyndaflug í að skapa. Áfanginn á að ná upp á annað þrep sniðmátsins. **Hópurinn gerir tillögu að áfangalýsingu þar sem skýrt og greinilega koma fram þekkingar-, færni- og hæfniviðmið, kennsluhættir, tímarammi innan nýannakerfisins, námsefni o.s.frv.**

Lesefni: <http://www.nymenntastefna.is/Namskrargerð/Namskrargerð>

Hvaða möguleika hefur skólinn á þverfaglegu samstarfi?

Er raunverulegur áhugi meðal starfsmanna BHS á þverfaglegu samstarfi?

Hvaða tækifæri felast því að auka þverfaglegt samstarf í skólanum og með hvaða hætti getur skólinn stuðlað að bættu þverfaglegu samstarfi?

Hvernig gagnast nemendum þverfaglegt samstarf?

Ferðalangur I - náttúrufræði, menning/saga, móðurmál, íþróttir.

Þekking = Knowledge

er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða.

bæði fræðileg og hagnýt.

Innlögn / aðstoð kennara um jarðfræði, landafræði, heilsu, útbúnað, þjálfun.
Fyrirlestrar, leitarnám, hópastarf, líkamspjálfun.

Færni = Skills

er bæði vitsmunaleg og verkleg

felur í sér að geta beitt aðferðum og verklagi.

felur í sér að geta farið með upplýsingar, unnið með þær, hugsað og greint á gagnrýnan hátt.

Skila skýrslu um markmið, þjálfunaráætlun.

Fyrirlestur um áfangastaðinn – náttúru, menningu og sögu (móðurmál+tjáning)

Hæfni = Competence

að hafa yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og færni.

Hæfni = þekking + færni + hagnýting

Nemendur koma sér saman um hvaða stað á heimsækja? (velja úr nokkrum)

Ferðin sjálf – nemandinn þarft að leysa verkefni og bregðast rétt við aðstæðum.

Lærdómur = Learning outcome

Hvað eiga nemendur að vita, skilja eða geta gert eftir námið?

Learning by doing – aðferðin

Gera sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og ber ábyrgð á sjálfum sér og umhverfi sínu.

Hagnýting þekkingar.

Njóta þess að hreyfa sig í falletgri náttúru Íslands (Halla Karen :)

Ferðalangur II - miðlun, markaðssetning, tungumál.

Nemendur miðla reynslu sinni úr Ferðalangi I.

Hugmynd í afurð.

Viðskiptahugmynd, heimasíða, þýða yfir á erlend tungumál o.s.frv.

Kynna helstu heilsuauðlindir Íslands

Fleiri hugmyndir...

Íþróttir og jarðfræði – gönguhópur með jarðfræðiáherslu.

Miðlun og íslenska

Miðlun og tungumál

Hópur 5B

Sjá glærur í möppu [\sameignir starfsmanna\skrifstofa\ starfsdagar í mars 2009](#).

6. Dreifnám – námsþing

Hópurinn rýnir í hugsanlegar leiðir fyrir dreifnámið og/eða námsþingið í breyttu lagaumhverfi og skilar af sér hugmyndum um það hvernig megin nota núverandi hugmyndafræði og þá reynslu sem þegar hefur safnast fyrir í skólunum. Hópurinn gerir tillögu um hvernig hann vill sjá námsþingið vaxa í framtíðinni.

Hópur 6

Dreifnám – Námsþing

Tækifæri og framtíðarsýn

Byrjað var að ræða þá möguleika sem notkun á Námsþinginu býður upp á. Niðurstaðan var að með tæki sem þessu mætti halda utan um, styðja við og efla námið, bæði það nám sem færi fram í dagskóla og á netinu. Mikilvægt væri að móta framtíðarsýn og setja fram markmið. Dreifnám væri kostur fyrir þá sem gætu ekki sótt staðnám og val fyrir þá sem það kjósa.

Kennaramiðað nám vs. nemendamiðað nám og félagsleg færni.

Skoðað var hvort og hvernig Námsþingið gæti stuðlað að nemendamiðaðra námi. Hér væri tækifæri til að víkka út og opna kennslustofuna og gefa nemendum tækifæri á að sækja sér efni á Námsþingið þegar þeim hentar. Mikilvægt væri að reyna eftir bestu getu að styðja við samvinnu nemenda sem væru í námi sem fram færi á vef og nýta alla þá möguleika sem kerfið býður upp á til að efla félagslega færni.

Umræður beindust að Námsþinginu sem tæki sem gæti stuðlað að auknum sveigjanleika og minnkað bilið á milli staðnáms og dreifnáms.

Upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfi

Notkun námsumsjónarkerfis styður við þær áherslur sem settar eru fram í stefnuskrá skólans um að nýta kosti upplýsingatækninnar til hins ýtrasta. Rætt var um að fjölga áföngum sem boðið væri upp á í dreifnámi, skoða möguleika á blönduðu námi (sambland af staðnámi og dreifnámi) og nýtingu Námsþingins í staðnámi. Rætt var um að það vantaði kjarnaáfanga til viðbótar við þá áfanga sem eru kenndir og að nemendur þyrftu að sækja þá í aðra skóla.

Áhugavert væri að bjóða upp á tungumálaáfanga í dreifnámi og skoða þyrfti það með þjálfun í talmáli í huga.

Nemendur læra á mismunandi hátt, mikill kostur að geta sótt kennslufni og ítarefni af vef.

Læsi nemenda er orðið mikið á þessa nýju miðla og skólanum ber að nýta sér kosti og möguleika þessa tækis. Ekki er gott að 17 ára unglingur einangri sig heima í herbergi fyrir framan tölvu. Staðnám hentar yngri nemendum betur. Með auknu framboði er námsstýring og

aðstoð við skipulag í námi mikilvægari en áður og hlutverk eftirlitsaðila, þ.e. kennara og námsráðgjafa hlýtur að aukast.

Grunnfærni í upplýsingatækni

Þekking, færni og hæfni í upplýsingatækni er nauðsynleg, bæði fyrir nemendur og kennara. Notkun á Námsþinginu krefst kunnáttu og nauðsynlegt er að þjálfa kennara í fjölbreyttum aðferðum tækninnar.

Hvernig er hægt að ná þessari færni?

Kennarar skyldaðir á námskeið. Námskeiðum skipt niður í þrjú stig:

- I. Innan eins árs: Allir orðnir Námsþingsvæddir og grunnnotkun skilgreind.
- II. Innan tveggja ára: Skilgreint hvaða færni er æskilegt að ná.
- III. Innan fjögurra ára: Allir geta notað námsumsjónarkerfið á fjölbreyttan hátt, og geta nýtt sér það jafnt í staðnámi og dreifnámi.

Hópurinn leggur áherslu á að ekki sé hægt að horfa fram hjá þeirri þróun að nám sé að færast út fyrir vegg kennslustofunnar og að við verðum að bregðast við. Það er ljóst að kennarar fara ekki sjálfviljugir í þessa vinnu ef þeir sjá ekki tilganginn. Fram kom að líklega séum við langt á eftir öðrum skólum í notkun á upplýsingatækni. Samhæfing innan deilda sé einnig ábótavant. Það þurfi að laga innviðina, búa til umgengnisreglur og samhæfa verklagið um þá þætti sem við viljum að allir geri eins.

Áhugaverðir möguleikar

Miklir möguleikar eru taldir felast í samvinnu deilda og í mótun nýrra námsleiða þegar áfangar eru aðgengilegir á vef. Námsþingið gerir nám með margskonar sveigjanleika mögulegt.

Höfundaréttur

Rætt var um höfundarétt að efni sem kennarar setja inn á Námsþingið. Nauðsynlegt er að skoða lög um höfundarétt og móta verklagsreglur um notkun efnis sem sett er inn á vef BHS. Bæði á milli kennara og nemenda og á milli kennara. Kennarar sem hafa sett mikið af innlagnarefni og verkefnum inn verða að hafa vitneskju um að þetta efni sé ekki tekið ófrjálstri hendi og notað án þeirra samþykkis.

Hindranir

Nefnd voru nokkur atriði sem heftu notkun á námsumsjónarkerfinu, atriði sem hömluðu að hægt væri að skylda notkun Námsþingsins.

Í skólanum eru of fáar tölvur fyrir nemendur, bæði til notkunar í kennslustundum og utan kennslustunda. Það kom fram áhugi á að innleiða tölvur í kennslustundir, að nemendur ættu að eiga tölvu og nota hana í náminu.

Talið var líklegt að áhugi og vilji kennara væri einhver fyrirstaða og að grunnþekking í upplýsingatækni sé ekki nægjanleg til að takast á við þetta verkefni án skipulags stuðnings. Þátttaka nemenda á vinnumarkaðinum myndi jafnvel hafa áhrif, minni notkun vegna þess að nemendur væru of uppteknir.

Nemendur virðast ekki nýta sér Námsþingið sem skildi og ef til vill má kenna kennurunum um vegna þess að þeir nota þetta ekki mikið.

7. Fullorðinsfræðsla

Hópurinn ræðir núverandi fyrirkomulag fullorðinsfræðslu við skólann og þau áhrif sem ný lög hafa og setur fram hugmyndir um hvernig samþætta megi fullorðinsfræðslu við annað starf skólans. Hópurinn veltir fyrir sér nýjungum í námsfyrirkomulagi fyrir fullorðna og leggur drög að nýjum námsbrautum og –áföngum.

Hópur 7

Fullorðinsfræðsla.

Hver er staða fullorðinsfræðslu í BHS?

Fullorðinsfræðslu í Borgarholtsskóla er þröngt stakkur skorinn þar sem almennar námsgreinar hafa verið settar út. Hefur verið áberandi í málminum. Margir sem sækja nám t.d. í bílagreinunum þurfa að taka almennar greinar og þurfa þá að sækja í aðra skóla.

Nokkur umræða var um dreifnámið sem er í formi fullorðinsfræðslu í Borgarholtsskóla.

Listnámsbrautin / bókasafnstækni / fóru í herferð í grunnskólana – námið gæti verið góður stuðningur við starfandi grunnskólakennara sem eru í auknum mæli að sækja sér námið.

Dreifnámið og síðdegisnámið er til staðar en þar er skólinn með mismunandi brautir, félagsliðanám, nám fyrir stuðningsfulltrúa, nám fyrir leiðbeinendur í leikskóla, félags- og tómstundanám, nám fyrir skólaliða, listnám og bókasafnstækni. En staðan er sú að það er fækkun á sumum brautum og spurning hvort markaðurinn sé að mettast en þó alltaf ákveðinn kjarni sem sækir um.

Dreifnámið er óhentugt fyrir kennara að því leyti að þeir fá greitt fyrir fjölda nemenda, er mikil vinna og erfitt fyrir kennara að byggja á.

Er námið viðurkennt af stjórnendum skólans? Hvernig fá kennarar greitt fyrir kennsluna? Námið er einingabært og þá á ekki að greiða samkvæmt nemendafjölda.

Hópurinn var sammála um að við vitum lítið um vinnu hvors annars í skólanum, samskiptin á milli deilda eru lítil, en skólinn er stór og því spurning hvort það sé möguleiki að við vitum allt. En mikilvægt er að halda vel utan um starfsemi skólans. Það mætti t.d. hafa upplýsingafundi um það hvað er verið að vinna í mismunandi deildum innan skólans eins og t.d. fullorðinsfræðslu, ofl.

Margar spurningar komu upp þegar staða fullorðinsfræðslu var rædd í skólanum. Er viðhorfið gagnvart fullorðinsfræðslu jákvætt í BHS? Er dreifnámið frumkvöðlastarf / grasrótastarf? Þeirri

spurningu má svara játandi, en þurfum að skoða hvort þetta sé ekki námsleið sem búin er að sanna sig í skólanum og þurfi viðurkenningu sem slík. Einnig komu fram eftirfarandi spurningar;

Er fullorðinsfræðsla skýr í stefnu skólans?

Viljum við halda úti fullorðinsfræðslu?

Í hvaða formi viljum við hafa hana? Kvöldskóli, síðdegisnám, dreifnám?

Mikilvægt er að myndaður verði stýrihópur í skólanum um þróun fullorðinsfræðslu og fá fram stefnu skólans um það hvaða stuðning skólinn sýnir við þessa námsleið.

Niðurstaða hópsins er sú að skýra þarf greiðslufyrirkomulag vegna dreifnáms til að kennarar geti gengið að því í kennslumagni. Tryggja þarf lágmarkslaun fyrir kennarann.

Skólinn þarf að taka ákvörðun um það hvort hann ætli að halda þessu námi úti eða ekki?

Fjölbreytt nám er í boði í skólanum í dag, en mikilvægt er að bæta við almennum greinum til að tryggja að nemendur geti haldið áfram námi eða lokið einstaka námsbrautum innan skólans. Þurfum að viðhalda og tryggja stöðu skólans á þessu sviði.

Hver er framtíðarsýn BHS varðandi fullorðinsfræðslu?

Mikilvægt er að skólinn móti stefnu í fullorðinsfræðslu? Hópurinn var sammála um að skólinn eigi að bjóða upp á fullorðinsfræðslu, en tryggja þarf stöðu kennara varðandi launamál og viðurkenna þá ákveðin lágmarkslaun kennara.

Hverfið sem skólinn er staðsettur í er stórt og fer ört stækkandi og því spurning hvort skólinn gæti eflt kennslu í almennum greinum t.d. í kvöldskólakennslu. Með auknu atvinnuleysi má alveg búast við aukinni ásókn í nám. Ekki er ólíklegt að nám sem hægt er að stunda samhliða starfi verði fyrir valinu hjá fullorðnum einstaklingum því það gefur þeim rétt til að halda atvinnuleysisbótum ef nám er stundað í kvöld, síðdegis- eða dreifnámi.

Hvað höfðar til fólks? Er það kvöldskóli eða dreifnám?

Gæti skólinn tekið upp kennslu í almennum greinum í dreifnámi? Getum orðið frumkvöðlar í kennslu almennra áfanga í dreifnámi .

Kennsla í tungumálum, ritun, tal, hlustun er erfitt í framkvæmd í dreifnámi þar sem þjálfun byggist á gagnvirkum samskiptum nemenda.

Gæti skólinn boðið upp á stöðupróf í almennum greinum? Þarf skólinn leyfi til að fá að halda stöðupróf? Spurning hvort markaðurinn leyfi það, hvort aðsóknin sé næg.

Samþætta mætti kennslu í ákveðnum áföngum t.d. ensku, sögu og kvikmyndir. Þannig gætu þrír kennarar unnið þverfaglega að einum áfanga. Vinnunni yrði þá skipt upp í verkstæði þar sem hver kennari hefði sinn tíma með nemendum.

Rætt um nýannakerfið, er tvímælalaust kostur þar sem nemendur eru oft dofnir um miðbik annar. Ef hver önn er styttri þá vinna þau markvissar og jafnar. Gætum boðið upp á endurtekt í kjölfar hvernar lotu / annar. Nemendur þyrftu þá ekki að bíða í heila önn eftir að taka áfangann aftur. Færri greinar í einu bjóða upp á að greinunum sé sinnt betur

Hvernig getum við eflt fullorðinsfræðslu?

Hópurinn var sammála um að hún yrði best efld með því að bæta kjarnagreinum við þær brautir sem nú þegar er boðið upp á.

Einnig mætti bjóða upp á framhaldsnám í þeim greinum sem við erum nú þegar með.

Bjóða upp á styrki til þróunarstarfs í fullorðinsfræðslu innan skólans.

Tryggja launaöryggi í kjaramálum kennara.

Bjóða upp á raunfærnimat í skólanum, vera í samstarfi varðandi raunfærnimat í sérgreinum en eftir stendur að nemendur þurfa að ljúka almennum greinum sem skólinn þyrfti þá að bjóða upp á.

Auglýsa þarf námið betur í skólanum, kynna það á sem víðustum grundvelli, skrifa greinar, auglýsa á sem flestum stöðum.

Er þörf fyrir nýjar brautir í fullorðinsfræðslu?

Já, efla fjölbreytni t.d. í listum og tungumálum, bæði sem sjálfstæðar brautir og sem stuðningur við þær brautir sem fyrir eru.

Margir bjóða upp á skemmtilegt nám, í tómsundum, myndlist, listasögu, spænsku ofl. Spurning hvort hægt væri að bjóða upp á námskeið í myndlist og tengdum greinum í Borgarholtsskóla. Það mætti hugsanlega vera tengt áföngum í framhaldsskólum til að námið geti nýst einstaklingnum, þ.e. bera áfangaheiti framhaldsskólanna.

Skólinn ætti að bjóða upp á námskeið í tómsundum, t.d. teikna, mála eða slíkt og það yrði hugsanlega hvati til að halda áfram í einingabært nám.

Styrkja innviði þeirra brauta sem við erum nú þegar að bjóða upp á í síðdegis- kvöld og dreifnámi.

Hlúa að þeim kennurum sem kenna á þessum brautum.

Hvert er hlutverk BHS í fullorðinsfræðslu í núverandi efnahagsástandi?

Samfélagsleg skylda skólans er að bjóða upp á einingabært nám. Menntun eykur atvinnumöguleika fólks.

Hvernig má samþætta fullorðinsfræðslu við annað starf skólans út frá nýjum lögum.

Erfitt að skoða fullorðinsfræðslu út frá nýjum lögum þar sem við erum ekki búin að útfæra ný lög í skólanum. Hluti þess náms sem fer fram í síðdegis- og dreifnámi byggir á námsbrautum sem kenndar eru í dagskóla og því ekki óeðlilegt að fullorðinsfræðslan sem byggir á einingabæru námi í framhaldsskóla gangist undir þær breytingar sem framhaldsskólinn mun ganga í gegnum á næstu misserum.

Fullorðið fólk vill í litlum mæli koma inn í dagskólann en bjóða mætti nemendum í dagskóla upp á taka áfanga í síðdegis- kvöld og dreifnámi.

Er þörf fyrir kjarnagreinarar í fullorðinsfræðslu? Gera þarfagreiningu til að kanna hvort þörf sé á því fyrir þá nemendur sem þurfa á þessu að halda. Bjóða mætti upp á kjarnagreinar í síðdegis- eða kvöldskóla. Hafa mætti dreifnámið í huga en skoða þarf það vel út frá erlendum tungumálum.

Passa þarf vel upp á að námsleiðirnar verði ekki of margar á sömu brautinni því þá verður þéttin ekki nægilega mikil í hverri námsleið fyrir sig.

Skólinn á tvímælalaust að halda áfram stefnu sinni varðandi fullorðinsfræðslu og auðvelt verður að aðlaga þær brautir sem við erum nú þegar með að nýjum lögum.

Fullorðinsfræðsla mun taka mið af breyttu kennslufyrirkomulagi skólans samkvæmt nýjum lögum og námskrá.

4. Geta beitt sér skriflega í fagi
 5. Kunni orðaforða, samskipti, framburð, málfræði í ensku og norðurlandamáli (og þriðja máli)
 6. Möguleiki á því að ný málabraut tengist vel inn í list og iðnnám
 7. Rekstrarreikningur
 8. Mat á tölfræðilegum upplýsingum
 9. Hlutfallareikningu
 10. Kvörðun
 11. Tenging á áhrifum fagþátta við náttúru og umhverfi
 12. Kunna leiðir til skipulags og til að halda sér við í faginu
 13. Hvetja nemendur til skapandi hugsunar
 14. Hönnunar- og sköpunaráherslur
 15. Menningarfræðsla
 16. Íþróttir og viðhorf til heilbrigðs lífs
 17. Siðferði daglegs lífs í lýðræðisþjóðfélagi
4. Uppbygging
1. Lykilhæfni 1/3 fyrstu 3 ár
 2. Faglegt nám 2/3 fyrstu 3 ár
 3. Faglegt nám að öllu 4. ár

Hópur 8B

Starfsdagar 16.-17.mars 09

Hans, Magnús E, Gunnlaugur og Ásgeir V:

Ný braut:

LÍFSBRAUT (Lífsstílsbraut)

(Fyrir þá sem vilja bjarga heiminum) (Og sjálfum sér)

	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Samtals F-ein
Stæ, Ísl, ens	5	15	20	5	45
Heilsuefling	5	10	15	5	35
Sjálfbær þróun	5	10	10	5	30
Nýsköpun	5	10	10	0	25
Fjármálalæsi	5	10	15	5	35
Menningarlæsi	10	20	25	5	60
					0
					0
Heildareiningafjöldi	35	75	95	25	230

Heilsuefling:

Næring, Hreyfing
Nudd, þjálfun
Heilsutengd vísindi

Sjálfbær þróun:

Auðlindir,
Umhverfislæsi

Nýsköpun:

Fyrirtækjasmiðja
Uppfinningar
Að lifa lífinu lifandi
Samskipti

Fjármálalæsi:

Hagfr/bókhald
Fjárh/skipulag
Áætlanir

Menningarlæsi:

Heimspeki, sálfr
Saga, félagsfr
Siðfræði, samskipti

9. Nýannir

Hlutverk hópsins er að máta skólastarfið inn í nýannakerfið sem felst í því að hafa 4 annir/skólaár. Að því loknu metur hópurinn hvaða áhrif nýannirnar koma til með að hafa á nám annars vegar og kennslu hins vegar.

Til hagræðingar má segja að hægt sé að framreikna núverandi einingar í fein með því að margfalda gömlu einingarnar með stuðlinum 1,3.

Hópur 9A

Nýannir – þættir sem lúta að náminu

- Styttri sprettir og örari umbun sem getur auð-veldað námið og dregið úr námsleiða
- Nemendur geta einbeitt sér að færri greinum í einu og þar með kafað dýpra að því gefnu að áfangar á hverri nýönn verði ekki fleiri en þrjú til fjórir í stað u.þ.b. sex nú
- Hægt er að búta námsmatið niður í núverandi kerfi
- Ekki víst að þetta henti öllum nemendum eða öllum námsgreinum jafnvel
- Fleiri tímar á viku og lengri tími í einu gefur möguleika á fjölbreytt-ara skipulagi námsins, t.d. verkefnavinnu í vinnustofum undir handleiðslu kennara
- Meiri möguleikar á þverfaglegu samstarfi milli námsgreina
- Kallar á minni náms-hópa, fleiri stofur, meira sjálfstæði og betri undirbúning nemenda (= meiri heimavinnu)
- Meiri stýring, þ.e. nem-endur verða að taka ákveðna áfanga sam-hliða

Nýannir – þættir sem lúta að ytra skipulagi

- Einsleitara skipulag og þar með minna um á-rekstra milli mismun-andi kerfa / deilda og auðveldara fyrir nem-endur að taka áfanga af mismunandi brautum
- Skipuleggja þarf tvær nýannir í einu til að tryggja jafnt vinnuálag kennara
- Allar brautir verða að lúta sama skipulagi
- Þessu mætti líka ná fram í núverandi skipu-lagi með einsleitara stökkakerfi
- Meiri stýring á vali nem-enda – kostur / galli?
- Töflugerð fjórum sinn-um á ári

Niðurstaða

- Bæði kostir og gallar sem vega þarf og meta
- Kanna þarf hvernig slíkt kerfi hefur gefist þar sem það hefur verið reynt

- Setja þarf upp nokkra möguleika fyrir mis-munandi brautir og sjá hvernig skipulagið getur komið út
- Hægt er að gera breytingar á núverandi skipulagi til að mæta sumum af þeim kostum sem nýannirnar bjóða upp á
- Hvort sem skólaárinu verður skipt í tvær eða fjórar annir þarf að aðlaga skipulagið (stokkakerfið, kennsluhætti o.s.frv.) að breyttu námsumhverfi
- Hvort kerfið sem valið verður ber að hafa í huga að þau vandamál sem upp kunna að koma eru til að leysa þau

Hópur 9B

Hópurinn ræddi um kosti og galla þess að taka upp breytt annarkerfi. Höfð var hliðsjón af drögum frá Antoni.

Kostir: Helstu kostir sem við sáum við nýannarkerfið er að námið verður í styttri sprettum og umbun nemandar er örari. Þetta dregur þá vonandi úr námsleiða og getur hugsanlega gert nemendum auðveldara að tileinka sér námsefnið og að fullnægja námskröfum. Við sjáum einnig möguleika á því að þetta dragi af sömu sökum úr brottfalli. Við teljum líklegt að þetta kerfi leysi vandamál vegna árekstra í töflu en þá aðeins að kerfið verði tekið upp á öllum brautum.

Til að þetta kerfi virki er nauðsynlegt að keyra nokkrar annir samtímis þannig að nemendur sem falla í einstökum áföngum geti tekið þá fljótt aftur. Slík samkeyrsla ætti einnig að dreifa vinnuálagi hjá kennurum. Hugsanlega býður svona kerfi upp á meiri möguleika á að sinna þörfum einstakling. Reyndar var einnig bent á að hugsanlega gætu áhrifin verið andstæð þar sem kerfið gefur ekki möguleika á hægferð eða hraðferð.

Aðalkostur kerfisins er sá að minna námsefni er undir hverju sinni sem ætti að skerpa einbeitingu jafnt kennara sem kenna efnið og nemenda sem reyna að tileinka sér það.

Við vorum nokkuð sammála um að nemendur myndu njóta góðs af svona kerfi en ekki eins viss um að þetta sé til hagsbótar fyrir kennara. Ýmsar hættur leynast t.d. hætta á ójafnri dreifingu vinnuálags. Sumar tarnir væru rólagera hjá kennara en aðrar væru með margföldu vinnuálagi.

Ókostir: Kerfið kallar hugsanlega á fleiri stofur en þær eru þegar orðnar mjög umsetnar. Þetta er að öllum líkindum flóknari í útfærslu en núverandi kerfi og kallar á mun meiri vinnu við töflugerð sérstaklega fyrstu árin sem kerfið er innleitt. Slíku fylgir aukakostnaður sem erfitt gæti verið að réttlæta. Það skal þó tekið fram að við teljum einhvern kostnaðarauka réttlætanageran ef það þýðir bættan námsárangur nemenda. Æskilegt væri að geta innleitt þetta í litlu mæli til að byrja með en hins vegar er ekki víst að það gangi upp þar sem erfitt er að keyra tvö kerfi í einu. Líklega yrði að innleiða svona kerfi á einu bretti og það er alltaf ókostur sérstaklega ef kerfið reynist ekki vel. Ójafnt vinnuálag hefur þegar verið nefnt og yrði að hafa sérstakt eftirlit með því í svona kerfi.

Við vitum til þess að svona kerfi hafi verið reynd í öðrum skólum og árangurinn verið misjafn. Einhver dæmi eru um að skólar hafi reynt þetta kerfi en hætt við. Gagnlegt væri að kanna slík tilfelli betur og

komast að því hvers vegna hætt var við tilraunina. Það er engin ástæða að gera sömu mistökin tvisvar.

10. Lykilhæfnipættir

Hópurinn skrifar áfangalýsingu fyrir áfanga sem tekinn er þvert á skólastarfið og inniheldur þann hluta grunnhæfniviðmiða sem ekki teljast til hefðbundins bóknáms í kjarna (ísl, ens og stæ). Áfanginn á að vera á fyrsta hæfniprepi.

Hópur 10A

Þankahrið um kennslu á fyrsta þrepi

- Að blanda betur hópum í lífsleikni, að blanda þvert á skólann til að efla alla nemendur. Einn lærir af öðrum og hópurinn er sammála um að sú stemning sem hefur ríkt í skólanum (að í Borgó séu tveir til þrjár skólar) myndi breytast til batnaðar. Það að nemendur kynnast þvert á brautir myndi án efa virka vel á liðsanda skólans. Einnig að kennarar sem kæmu að kennslu kæmu af sem flestum brautum, að nýttur sé vel sá mannauður sem er fyrir hendi í kennaraliði skólans.
- Við myndum vilja sjá einn grunnfærni áfanga sem allir nýnemar myndu þurfa að sitja, nemum blandað í hópa af öllum brautum. Sá áfangi myndi vera kenndur fjórar stundir og myndi taka á siðferði, hópefli, tjáningu (talað mál, að koma fram, miðla, skapa og kynna), menningu, listir, lífstíll (fjármál - forvarnir), skólanum, umhverfisvernd, upplýsingatækni, samfélagsþjónustu, námstækni, verkfærni (á heimil og í dagsins önn), samfélagslæsi (málefni líðandi stundar, stjórnmál o.s.frv.), mannréttindi, jafnrétti og jafnvel heimilisfræði.
- Seinna ættu nemendur eftir 18 ára aldur að taka tvær einingar til viðbótar, þar sem áhersla yrði á að dýpka skilning á sömu þáttum, frekari sjálfstyrkingu og siðmennt. Undirbúningi fyrir atvinnulíf eða háskólanám og borgaralegri hæfni almennt. Að nemendur læri að setja markmið varðandi nám og framtíð.
- Veltum fyrir okkur hvort það myndi auka gæði námsins ef kennarar myndu sérhæfa sig og skiptast á að kenna vissa þætti í áföngunum. Einn taki að sér að kenna um heilbrigðan lífstíl, annar um verkfærni, þriðji námstækni o.s.frv. Einnig þykir vænlegur kostur að taka upp smiðjur/lotur þar sem nemendur færu á milli list og verklegum greinum. Þar þyrfti að huga að hópastærðum, hópnum jafnvel skipt í tvennt.

Þekking: Innlagirnir með sem fjölbreyttustu námsefni

Færni: Æfingar og þjálfun. Verkleg kennsla eins og við verður komið

Hæfni: Útkoman – hæfir einstaklingar með skilning, getu og færni og veislu í farteskinu til framtíðar.

Lykilhæfnipættir

Áfangi: Náms- og samfélagsleikni

Hvernig sjáið þið lykilhæfnipættina ganga þvert á skólastarfið?

- Þverfagleg vinnubrögð
- Starfa með öðrum
- Stærðfræði daglegs lífs
- Upplýsingatækni /upplýsingalæsi
- Að geta leyst vandamál

Áfangi fyrir alla nýnema sem koma inní skólann. Undirstaða fyrir allt frekara nám í skólanum

Áfangi settur upp í 5 lotum (dæmi).

1. Námsleikni og viðhorf (Upplýsingalæsi)
2. Félagshæfni og borgaravitund (Tjáning)
3. Menning/listir og sköpun
4. Náttúra, vísindi og tækni
5. Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar

Markmið

Að nemandi

- Læri að bera ábyrgð á eigin námi
- Taki samfélagsábyrgð

Hverjir eiga að kenna lykilhæfnipættina?

Allir framhaldsskólakennarar hafa grunn til að kenna slíkan áfanga en best væri ef um teymi kennara sé að ræða. Sá sem er sérfræðingur á hverju sviði kennir það. Kennari þarf að tileinka sér þá færni sem til þarf til að vera eins konar verkstjóri yfir hverri lotu í áfanganum. Samvinna kennara er lykilatriði. Þeir verða að vinna sem eitt lið. Hver kennari er verkstjóri yfir sínum þætti.

Hvernig tengjast lykilhæfnipættirnir lífsleikninni?

Mjög mikil skörun, sérstaklega það sem lýtur að því að styrkja samkennd nemenda og að efla tjáningarhæfni þeirra og sjálfstraust þannig að þeir geti sett fram eigin skoðanir og kenningar um margvísleg málefni og rökrætt þær sín á milli.

Munurinn kristallast í því að færniþættir nemandans eru meira áberandi hér. Í lífsleikninni er meira byggt á þekkingu, þ.e. það sem **nemandi á að læra**.

Yfir hversu langt tímabil á áfanginn að ná?

Að þessi áfangi sé akkeri fyrir aðra áfanga í skólanum. Tekið á einni önn (eða einum vetri, tvær annir).

Hversu margar einingar ætti hann að vera?

Að áfanginn sé 5 (eða 10 einingar).

Stuðla lykilhæfnipættirnir að þverfaglegu samstarfi innan skólans?

Já, með teymisvinnunni sem við leggjum til. Einnig er möguleiki á góðu þverfaglegu samstarfi við kjarnafögin til að til dæmis nýta verkefni sem nemendur vinna á þverfaglegan hátt. Sem dæmi að nemendur taki hlutverk mentora fyrir nemendur á starfsbraut. Að dyr skólans opnast fyrir nemendum og þeir fái meiri víðsýni og auki borgaralega vitund. Einnig kemur til greina að mynda tveggja kennara teymi, þar sem annar heldur utan um hópinn og hinn sérfræðingur í sínu fagi.

Hvaða tækifæri eru á lykilhæfnipáttunum?

Að byggja upp þverfaglegt samstarf. Að brjóta niður vegg og gera skólann að einum.

Rammi fyrir áfangalýsingu: Dæmi um markmiðssetningu í námsleikni

	1. Prep
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar í námsleikni með áhorfi, lestri, hlustun, umræðu eða öðrum samskiptum. Nemandi skal geta greint almenna þekkingu sína í námsleikni með umræðu og samanburði. Nemandi skal geta miðlað almennri þekkingu sinni í námsleikni skriflega, munnlega eða verklega.
Færni viðmið	Nemandi hafi aflað sér þjálfunar í mismunandi aðferðum í námsleikni. Nemandi geti greint á milli mismunandi aðferða í námsleikni. Nemandi geti miðlað færni sinni með því að beita ólíkum vinnubrögðum og aðferðum í námsleikni.
Hæfniviðmið (lokamarkmið)	Nemandi geti nýtt sér þá almennu þekkingu og færni í námsleikni sem hann hefur aflað sér og beitt þekkingu sinni við að leysa margvísleg verkefni. Nemandi geti greint og nýtt sér almenna þekkingu og færni með því að bera saman, ígrunda og rökstyðja. Nemandi geti miðlað hugmyndum og skoðunum og nýtt almenna þekkingu og færni í námsleikni.

Vinna í fagdeildum

Niðurstöður hópa innan einstakra deilda (þriðjudagurinn 17. mars)

Starfsnámsbrautir


Markmið dagsins á verslunarbraut og félagsliðabraut var að leggja drög að ytri ramma nýrrar brautar á hvoru sviði fyrir sig.

Lagt var upp með eftirfarandi þætti í upphafi hópavinnu:

- Hvaða færni eiga nemendur að búa yfir eftir að hafa stundað nám á brautunum?
- Hver eiga að vera hæfniviðmið brautarinnar?
- Hvaða nám þarf nemandinn til að ná þeirri hæfni?
- Hverju þarf að breyta til að aðlaga brautirnar að nýju lagaumhverfi?
- Nýjir áfangar?? hugflæði. Eru einhverjir áfangar sem hugsanlega ættu að falla út eða sameina undir nýju áfangaheiti?
- Eigum við að breyta annafyrirkomulagi?
- Eiga brautirnar að fara í þverfaglegt samstarf við aðrar brautir skólans, t.d. kenna almenna áfanga með öðrum brautum?
- Hvernig á að aðlaga starfsnám brautanna að nýjum lögum?

Kennurum á brautinni var skipt upp í tvo hópa eftir brautum. Í umræðu um brautarskipulag á Félagsliðabraut var ákveðið að leggja upp með að þróa breytt fyrirkomulag og nýta þá þekkingu sem er varðandi fleiri starfsnámsbrautir en félagsliðabrautina. En aðrar brautir hafa hingað til ekki verið kenndar í dagskólanum, aðeins í síðdegis- og dreifnámi. Það er hins vegar ljóst að þessar brautir eru á margan hátt með líkar áherslur eins og varðandi uppeldisfræði, siðfræði, sálfræði, fjölskyldufræði ofl. og því spurning hvort ekki mætti samnýta þessa áfanga en þegar lengra er komið í náminu muni nemendur velja sér mismunandi leiðir til að fara eftir áhugasviði. Á meðfylgjandi mynd hér að neðan má sjá hvernig hægt væri að tengja fleiri valsvið inn á starfsnámsbrautir skólans.

Brautarheiti? Skipulag



Að mörgu er að huga við endurskipulag og umræða dagsins fór mikið í að ræða nýtt skipulag og hvernig hægt væri að útfæra það. Ljóst er að nokkrir áfangar krefjast endurskipulagningar með möguleikum á því að leggja niður áfanga að hluta eða öllu leyti og taka inn nýja þætti. Hópurinn var sammála um að slíkt þyrfti að gera í samvinnu við atvinnulífið og viðtökuskóla. Ljóst er að ákveðinn hluti nemenda á starfsnámsbrautum skólans hyggur á frekara nám og því þarf að skipuleggja brautirnar með hliðsjón af þörfum viðtökuskólanna. Þar koma inn ákveðnar sérgreinar og ekki hvað síst áhersla á kjarnagreinar sem eru hluti af kröfum viðtökuskólanna. Því þarf að liggja ljóst fyrir við upphaf náms á starfsnámsbrautum hverju nemandi þarf að bæta við sig til að ljúka stúdentsprófi. Kennarar voru sammála um að mikilvægt væri að það lægi fyrir í brautarplani við upphaf náms á starfsnámsbraut.

Samþætting er mikilvæg og þverfaglegt samstarf rætt, þar sem t.d. enska væri hugsanlega kennd í samvinnu fagkennara og sérgreinakennara. Í sálfræði gætu nemendur lesið faggreinar í sálfræði og nýta mætti samskiptaáfanga til að þjálfa nemendur í samskiptum á ensku. Þessa leið væri möguleiki að fara í öðrum greinum eins og stærðfræði og íslensku þar sem samþætting við aðrar greinar lægi til grundvallar.

1	Spurning	Styrkleikar veikleikar		
	Styrkleikar	Viðbrögð	Veikleikar	Viðbrögð
	Gagnlegt, hagnýtt nám Atvinnurekendur spyrja kanntu Íslensku, bókhald, á tölvur	Halda mikilli tengingu við atvinnulífið. Halda tölvubókhaldi, meiri tölvukúrsa.	Slakir nemendur Lítill áhugi á bóklegu námi	Gera meira í höndum. Umræðuhópar? Fá nemendur til að vera virkir. Meiri skilaskyldu? Meiri múðluskil? Vikuleg verkefnaskil? 5% Skila 10 verkefnum, 7 gilda sem 35 af einkunn. Meiri áfangar í sköpun. Finnum góða áfanga á lista-, fjölmiðla- og leiklistarbraut og gera þá að skyldu á VE. Meiri hópavinnu. VIÐ113 og svo finna hönnunaráfanga (layout hjá Margréti Rósu) sem VIÐ233

Áfangar		Inn		Út	
				VVÖ223?	
		UTN213		VVÖ213	
Á allar brautir		Viðskiptalögfræði Bókfærslu Fjármálalæsiáfangi			
Forsenda að HÆFNI = ÞEKKing + FÆRNI					

2 Spurning:	Hvaða hæfni eiga nemendur af verslunarbraut að búa yfir?
Skilgreining:	Yfirsýn og geta til að hagnýta þekkingu og færni
Svar:	

3 Spurning:	Lærdómsviðmið?
Skilgreining:	Yfirsýn og geta til að hagnýta þekkingu og færni
Svar:	

4 Spurning:	Hverju þarf að breyta , stytta eða lengja hana
Svar:	Hafa hana 120 – 150 F-ein þ.e. 4-5 annir og bjóða góðum nemendum að fara áfram á VH braut

5 Spurning:	Eru einhverjir áfangar sem eiga að falla út eða sameina undir nýju áfangaheiti?
	Sjá hér f. Ofan. T.d. Þverfaglega áfanga. Hönnun, fjölmiðlar
Skilgreining:	Yfirsýn og geta til að hagnýta þekkingu og færni
Svar:	Við teljum að þetta myndi nýtast vel Við myndum bjóða hönnunardeild fjármálalæsi áfanga í staðinn

6 Spurning:	Nýir áfangar?
	Leiklistaráfangi, framsögn, Dale Carnegie
Skilgreining:	Yfirsýn og geta til að hagnýta þekkingu og færni
Svar:	

7 Spurning:	Á að hafa 2 annir óbreytt eða fjölga önnur eða taka upp lotukerfi
	Sagt er: Þú manst 10% af því sem heyrir, 20% af því sem þú sérð og 50% af því sem gerir

Skilgreining:	Hafa annir í flestum áföngum, en yfirleitt 3*2kst í viku, eða 2*2kst og 1*2kst í sumum og hugsanlega 1*6kst
Ath:	60 mínútna kennslustundir?

8 Spurning:	Tengja við framhaldsskólapróf
	Hvernig? Til hvers?
Svar:	Nei.

9 Spurning:	Þverfaglegt samstarf?
	Já, að sjálfsögðu. Gott mál.

10 Spurning:	Þarf að gera breytingar á starfsnámi?
Svar:	
Svar:	Nei

11 Spurning:	Á hvaða þrepi myndum við útfæra brautina?		
Svar:	Höfum 90% á þrepi 2 og 10% á þrepi 3 ef brautin er 120 F-ein		
	Höfum 70% á þrepi 3 og 30% á þrepi 3 ef við lengjum hana í 150-180 F-ein		
	Þrjú dæmi um tveggja ára verslunarpróf		
Skilgreiningar	1.þrep 30 F-ein 2.þrep 80 F-ein 3.þrep 10 F-ein	1.þrep 40 F-ein 2.þrep 70 F-ein 3.þrep 10 F-ein	1.þrep 50 F-ein 2.þrep 60 F-ein 3.þrep 10 F-ein

Hvaða færni eiga nemendur að búa yfir.

Vitsmunaleg og verkleg færni, geta beitt aðferðum og verklagi

Svar: Að nemendur geti leyst auðveld viðskiptaleg verkefni.

Bóknám – Almenn námsbraut – Starfsbraut

Kennarar brautanna þriggja unnu í starfshópum. Hver hópur fékk verkefni til að fást við og skilaði síðan afurð/hugleiðingum/niðurstöðum. Unnið var að eftirfarandi verkefnum:

1. Lykilhæfnipættir – stærðfræði
2. Lykilhæfnipættir – íslenska
3. Lykilhæfnipættir – enska
4. Framhaldsskólaprófið
5. Kjarni bóknáms
6. Félagsfræðabraut
7. Málabraut
8. Náttúrufræðibraut
9. Nýjar brautir

1. Lykilhæfnipættir – stærðfræði

Verkefni:

Hópurinn vinnur drög að áfangalýsingu fyrir áfanga sem tekinn er þvert á skólastarfið og inniheldur þann hluta grunnhæfniviðmiða sem telst til stærðfræði. Áfanginn á að vera á fyrsta hæfniprepi.

	1. Prep
Þekkingarviðmið	
Færni viðmið	
Hæfniviðmið	

Afurð:

Grunnforsendur

Skóli án aðgreiningar er jafnframt skóli án afsláttar.

F- einingarnar byggja á vinnuframlagi nemendanna en ekki á innihaldi áfanganna. Því verða ekki sömu kröfur gerðar til allra nemenda en hverjum nemenda mætt á þeim stað sem hann stendur á hvert sinn.

Því eru allir áfangar í BHS einingabærir.

Hver eining í núverandi kerfi jafngildir 1,3 nýjum einingum. Þannig jafngildir stæ 103 í gamla kerfinu stæ 104 í því nýja. Hér verður þessum áfanga skipt í tvennt stæ 102 og stæ 104 þar sem síðasti tölustafurinn segir til um hvað mörgum einingum er lokið í greininni. Nemandi sem hefur lokið stæ 104 hefur lokið 4 einingum á fyrsta stigi.

Ekki munu allir nemendur sem skrá sig í skólann hafa uppfyllt námsmarkmið grunnskólanna. Hér er gert ráð fyrir að mögulegt sé að uppfylla kröfur um grunnfærni á mismunandi hátt eftir því hvar nemandinn er staddur í upphafi leiks og jafnframt eftir brautum. Þannig getur nemandi á

framhaldsskólabraut tekið áfangann stæ A102 sem hefur líkt innihald og stæ B102 en er ætlað fyrir sitt hvorn námshópin.

Nemandi sem ekki hefur uppfyllt námsmarkmið grunnskólanna tekur jafn margar einingar í stærðfræði í BHS og sá sem hefur lokið markmiðum sínum. Sá síðarnefndi líkur aftur á móti áföngum sem ná lengra í stærðfræði. Þannig geta allir sem í skólann koma lokið námi sína á þrem árum en nemendur fara mislangt í hinum ýmsu kennslugreinum. (Allir eiga t.d. að ljúka 15 einingum í stærðfræði hvar svo sem þeir byrja ef skólinn ákveður að þetta sé ásættanlegt lágmarks einingaviðmið í greininni).

2. Lykilhæfnipættir – íslenska

Verkefni:

Hópurinn vinnur drög að áfangalýsingu fyrir áfanga sem tekinn er þvert á skólastarfið og inniheldur þann hluta grunnhæfniviðmiða sem telst til íslensku. Áfanginn á að vera á fyrsta hæfniprepi.

	1. þrep
Þekkingarviðmið	
Færniviðmið	
Hæfniviðmið	

Afurð:

Niðurstaða fundar íslenskuhóps

Við ræddum einingafjöldann, umreiknuðum og sáum að bilið milli lágmarks einingafjölda ca. 15 í nýju kerfi og ígildi þess sem við kennum núna er um 10 nýjar einingar.

Við sættum okkur ekki við skerðingu og finnst 15 nýjar einingar mjög lítilgrunnur.

Við sáum fram á að skólinn yrði að setja fram útlínur áður en hægt væri að raða efni í áfanga.

Eins að lykilhæfnipættirnir væru svo almennir og að ekki verði erfitt að uppfylla þá. Drögin virtust sömuleiðis mjög opin miðað við td. stærðfræði.

Við íslenskukennararnir ræddum svo efni fyrsta þreps og töluðum um áherslu á lestur í samræmi við það sem hefur verið til þessa. Eins að auka mætti stærri verkefni.

Í grunnáföngum í íslensku uppfyllir kennslan eins og hún er núna bæði þekkingar-, hæfni- og færniviðmiðin á 1. þrepi svo hvað þau varðar er ekki þörf á breytingum. Kennsluna í þessum áföngum endurskoðum við árlega og höfum verið að prófa okkur áfram með ýmislegt sem allt er í þessum anda. Það höfum við hugsað okkur að gera áfram burt séð frá nýjum lögum. Hins vegar fannst okkur erfitt að setja fram einhverja áfangalýsingu þar sem okkur fannst óljóst hversu mikill hluti námsins í grunnáföngunum ætti að vera á 1. þrepi auk þess sem fyrirhugaðar eru tilfæringar á áherslum milli grunnskólans og framhaldsskólans sem ekki koma fram í námskrádrögum. Íslenskan er margþætt grein, málfræði, setningafræði, stafsetning, ritun, munnleg tjáning, lesskilningur, bókmenntagreining, miðlun menningararfsins o.fl. og viðmiðin misjöfn eftir því hvaða þátt um er að ræða. Við vitum t.d.

ekki hvort aftur verður aukin áhersla á málfræði sem nánast er komin út úr framhaldsskólanum en þar eru viðmiðin t.d. allt önnur en í bókmenntalestri eða munnlegri tjáningu.

Að lokum viljum við standa vörð um íslenskuna sem fag.

3. Lykilhæfnipættir – enska

Verkefni:

Hópurinn vinnur drög að áfangalýsingu fyrir áfanga sem tekinn er þvert á skólastarfið og inniheldur þann hluta grunnhæfniviðmiða sem telst til ensku. Áfanginn á að vera á fyrsta hæfniprepi.

	1. þrep
Þekkingarviðmið	
Færniviðmið	
Hæfniviðmið	

Afurð:

Okkur fannst þetta alveg rosalega vítt þannig að við sáum ekki að við gætum gert neitt sérstakt við þetta. En líklega passar t.d. stig eitt við fornámið, eins og það er núna og stig tvö við 103/203 eins og hlutirnir eru núna. Það var svona helsta niðurstaðan.

4. Framhaldsskólaprófið

Verkefni:

Hópurinn vinnur áfram með drög að ytri ramma framhaldsskólaprófsins þar sem fram koma hugmyndir að skipulagi og áföngum. Brautin á að taka mið af 8 lykilhæfnipáttum námsskrárinnar, sjá slóð 2 hér að neðan. Framhaldsskólaprófið á að vera á 1. þrepi, sjá eftirfarandi glæru sem kynnt var á síðasta kennarafundi og eftirfarandi slóðir.

Afurð:

Mikil forföll voru í þessum hóp og þátttakendur dreifðu sér á aðra starfandi hópa.

5. Kjarni bóknáms

Verkefni:

Hópurinn leggur drög að kjarna bóknámsbrauta.

Afurð:

Vinnuhópur um kjarna í bóknámi

Kjarni

Eftir að hafa farið í nokkra hringi. Við komumst eiginlega að þeirri niðurstöðu, að

... of margt sé óljóst. Hvers konar skóla viljum við, hvaða forsendur ?

Þessir dagar eru dæmi um hvernig á ekki að fara í þróunarstarf.

Kjarni er hann alslæmur eins og við höfum? Teljum við ástæðu til að breyta

Hvað er áætlað að kjarni sé stór – lágmark er 45 í F-ein í stæ, ísl, ens (1,3 stuðull)
Stúdentspróf að lágmarki 180 F-ein. Ýmsir skólar stefna að 210-240 F-ein

Hugsanlega hægt að minnka vægi einhverra greina

Fallgreinar: nát og stæ

Félagsfræðigreinar - Sálfræði inn í stað félagsfræði á náttfræðibraut

Samþætting milli málabrautar og stærðfræði og raunvísindi – veita innsýn

Vægi kjarna og t.d. kjörsviðs

Námsmat – þurfum að hugsa nálgun upp á nýtt.

– þrepapróf/stigapróf- próf má ekki bara vera þekkingarmiðað

Fjöldi prófa og tilgangur með þeim

Nemendur leita stystu og auðveldustu leiða.

- Viljum við að taka upp raunfærnimat ?

Er hægt að hafa 1 kjarna og línur út frá honum ? Hvernig lítur slíkt út í reynd?

Spurning um fámenna efstu hópa (sjá stæ, þýs, fra) og hvort hægt sé að vera með brautaskipta hópa. Fámenni í efstu hópum kemur oft í veg fyrir að þeir eru kenndir.

Hringur 2

Vantar strúktúr í þessa vinnu hjá okkur.

Væri kostur að hafa stóran kjarna ?

Jú, viður sjóndeildarhringur, innihaldsríkt og hnitmiðað nám

Veltum einstöku fögum fyrir okkur

+ Tungumál – ástæða til að halda fleiri tungumálum en ensku inni og jafnvel auka við

Flestir fara í nám til Danmerkur – engin inntökupróf og lítill kostnaður

Þó boðið sé uppá nám á ensku á Norðurlöndunum, þá er námsframboðið ekki eins vítt og á dönsku

Veltum tungumálakennslu grunnskólans fyrir okkur og töldum að hægt væri að bjóða upp á öðru vísi viðfangsefni og orðaforða í frhsk en í grsk.- annað þroskastig nem.

Viðhorf kennara til síns fags og til annarra faga þurfa jákvæð. – bera virðingu fyrir öðrum kennurum og þeirra fagi. Grunnsk.k. hafa mikil áhrif á það viðhorf sem nem koma með upp í framhaldsskólann.

Sé horft til þess hverjir kenna stæ í grsk, þá eru það oftast nemendur af félagsfræðabr. sem fara í kennaranám og þá ekki með mikla kunnáttu í stæ.

Þessa nemendur skortir meiri stæ til að ná sjálfsöryggi og heldur meiri kunnáttu en þörf er á til að geta miðlað á jákvæðan hátt. Ööryggi kallar fram neikvæðni.

Lífsleikni – er hægt að koma efninu inn í breytta kennsluhætti í viðeigandi fögum?

Fella þá út greinina lífsleikni.

Íslenskan – kennarar eru alltaf að endurnýja sig og námsefni. Berglind segir íslensku eins og hún er í dag innihalda alla þá þætti sem taldir eru lykilhæfni.

Hvernig viljum við hafa kjarnann? Á hvaða stigi byrjum við? 1. eða 2. stigi?
Ef við tökum íslenskuna, þá er enn þörf fyrir ein.lausa áfanga og eins á 1 stigi.

Eigum við að einbeita okkur að þeim sem hafa staðist grunnskólann?

Hvað þýðir stúd.próf í kjarna? Mismunandi eftir brautum á hvaða stigi stúd.prófið þarf að vera í kjarnagreinum og því erfitt að búa til einn sameiginlegan kjarna fyrir allar bóknámsbrautir.

Hversu stórt á stúdentspróf frá Borgó að vera?
Ef það er ekki nema 180 þá er hætt á að nemandi verði að taka undirbúningsár og þá missum við þá kennslu frá okkur.

Lykilhæfni þarf að vera í kjarna, en mjög erfitt að fá nem til að yfirfæra námsleikni í aðrar greinar.
UTN (færni og læsi) reynist þeim erfitt.

Þurfa nem að fara í áfangann „vinnubrögð í framhaldsskóla“???
Væri fínt, ef þau yfirfærðu á milli greina, en of margir gera það ekki, þrátt fyrir að kennarar reyni að tengja á milli.

Hringur 3

Hversu margar kjarnagreinar viljum við hafa auk stæ/ens/ísl?
Eru námsleikni og svo menning og listir hluti af öðrum námsgreinum sem fyrir eru
Er þetta síðasta hluti af listnámi og verknámi eða rúmast það innan bóknáms?

Umræðan er bara að hefjast og ekki hægt að byggja á niðurstöðum hópanna eins og þær eru í dag. –
Við þurfum að taka umræður sem byggjast á grunninum og fara síðan í sérhæfingu. Í dag er bara verið að stíga fyrsta skrefið og þróun umræðunnar er eftir. Gefa þarf tíma

Kjarninn þarf að samanstanda af: Ísl / ens / stæ / dan / 3. mál / utn / nát / fél og íþr

Námsmat: viljum gjarna og prófum en alltaf kemur tíminn og efnið aftan að okkur Einkunnir til vandræða. Skrifleg próf sýna ekki allt. Nemendur venjast á að kennarar meta þau og eru séu alltaf að meta....

Berglind bauð upp á munnleg próf og það kom vel út. Þar blómstra aðrir en á skriflegu prófi.

HÉR KOM TÍMAÞRÖNG OKKUR Í KOLL – EN UMRÆÐAN ER RÉTT AÐ BYRJA !

6. Félagsfræðabraut

Verkefni:

Hópurinn leggur drög að félagsfræðabraut. Brautin á að ná a.m.k. upp á þriðja þrep. Hópurinn á einnig að finna nýja möguleika til þverfagslegs samstarfs á brautinni. Er félagsfræðabraut söluvænlegur titill? Ef ekki, hvað gæti brautin heitið?

Afurð:

180 / 210 / 240 fein samtals

60 fein á ári (30 á önn)

3 ára nám

45 fein í ísl, ens og stæ í kjarni

Gamlar annir

Tillaga 1

Félagsvísindabraut

Kjarnagreinar (80fein) → 45 fein í stæ, ísl, ens, sag 1 og 2, fél 1 og 2, sál 1, nátt 1, dan/þýs/fra 1 →val

Félagsgreinakjarni (50 fein) → Sag 3 og 4, Fél 3 og 4, Sál 2 og 3, Hsp1, dan/þýs/fra 2, upp 1, nátt 2

Val (50-80 fein) → tungumál (ísl, ens, dan, þýs, fra) sag 5, sál 4 og 5, fél 5, stæ, nátt, utn, hag, bílar-málmur, list-margmiðlun og fleira.

Önn 1	Önn 2	Önn 3	Önn 4	Önn 5	Önn 6
Ísl 1	Ísl 2	Ísl 3	Sag 3	Sag 4	Val
Stæ 1	Stæ 2	Stæ 3	Hsp 1	Nátt 2	Val
Ens 1	Ens 2	Ens 3	dan/þýs/fra	Val	Val
Sag 1	Sag 2	Fél 1	Fél 2	Fél 3	Fél 4
dan/þýs/fra	Sál 1	Sál 2	Sál 3	Val	Val
Nátt 1	Upp 1	Val	Val	Val	Val

Tillaga 2 – Hefðbundnar brautir falla niður

Einstaklingsmiðaðar leiðir til stúdentspróf

Kjarni 45 fein í stæ, ens og ísl.

Val → 135 fein → Nemendum leiðbeint á ákveðnar leiðir, félagsvísindaleið, tungumálaleið, náttúrufræðileið, “ferðamálaleið”, lýðheilsu-og tómstundaleið, hagfræðileið, list-og margmiðlunarleið, fjölmiðlaleið, umönnunarleið, bíla-og málmgreinaleið, hönnunarleið.

7. Málabraut

Verkefni:

Hópurinn leggur drög að málabraut. Brautin á að ná a.m.k. upp á þriðja þrep. Hópurinn á einnig að finna nýja möguleika til þverfagslegs samstarfs á brautinni. Er málabraut söluvænlegur titill? Ef ekki, hvað gæti brautin heitið?

Afurð:

Málabraut eins og hún er núna en m.v. fein.

Málabraut kjarni

ísl	25,5
dan	15,3
ens	25,5
3. mál	25,5
4. mál	15,3

fél	5,1
sag	10,2
nát	15,3
lkn	5,1
stæ	10,2
íþr	13,6

alls 166,6

frjálst val 20,4

alls 187

kjörsvið 53

samtals 240

Af hverju að velja málabraut?

Auðveldar háskólanám þar sem námsefni er á erlendum tungumálum, hérlendis sem erlendis
Auðveldar fólki að ferðast og búa utanlands og taka á móti ferðamönnum
Áhersla á bókmenntir og tungumálanám, undirbúningur f. frekara nám á því sviði
Auðveldar fólki að eiga samskipti í viðskiptum

Viljum hafa 4 ára stúdentspróf af málabraut til að vera samkeppnishæf við aðra skóla.
Kjörsvið taka mið af kröfum í háskólanámi, t.d. með því að auka
fagorðaförða á viðkomandi sviðum á ýmsum tungumálum.

Hugmyndir að kjörsviðum:

Hugvísindi
Menntavísindasvið
Verkfræði og náttúruvísindasvið
Félagsvísindasvið
Heilbrigðisvísindasvið
Leiklist

Til að stækka kjörsvið kemur til greina að sameina einingar í frjálstu vali að hluta eða öllu leiti við kjörsvið
Teljum að málabrautastúdentar þurfi að hafa breiðan grunn.

8. Náttúrufræðibraut

Verkefni:

Hópurinn leggur drög að náttúrufræðibraut. Brautin á a.m.k. að ná upp á þriðja þrep. Hópurinn á einnig að finna nýja möguleika til þverfagslegs samstarfs á brautinni. Er náttúrufræðibraut söluvænlegur titill? Ef ekki, hvað gæti brautin heitið?

Afurð:

Niðurstöðu hóps sem fjallaði um náttúrufræðibraut

Miklar umræður voru í hópnum og voru þær mjög gagnlegar. Ekki fórum við þó með málið eins langt og við hefðum viljað en hafa ber í huga að hér eru á ferðinni nýjar hugmyndir og sýn og skilningur manna ekki sá sami. Því þarf smá tíma til þess að stilla saman strengi og átta sig á grunnhugmyndum kerfisins.

Í stuttu máli sjáum við fyrir okkur náttúrufræðibraut með tvær og hugsanlega þrjár meginlínur sem allar leiða til stúdentsprófs. Innan þessara lína eru síðan mismunandi svið.

Við teljum að kennslan eigi nær eingöngu að vera á öðru, þriðja og fjórða þrepi eða stigi miðað við hugmyndir í nýju lögunum.

Við vorum sammála um sterka umhverfisáherslu á brautinni og að fletta ætti þessa áherslu inn í alla áfanga. Við viljum leggja áherslu á ábyrgð einstaklingsins á umhverfinu og sjálfum sér. Líka viljum við leggja áherslu á samspil umhverfis, lífstíls, heilsu og velferðar einstaklings. Sjálfbær þróun á að vera megin heimspeki brautarinnar

Kjarnarnir tveir

Við gerum ráð fyrir einum kjarna 45 einingar sem er sameiginlegur öllum brautum bóknáms. Þar fái allir nemendur kynningu á náttúru- og félagsvísindum. Við þennan kjarna bætis síðan brautarkjarni sem inniheldur grunnáfanga í efnafræði, líffræði, jarðfræði og eðlisfræði. Þessir áfangar væru í líkingu við 103 áfangana sem nú tíðkast og innihéldi kjarninn 20 einingar. Þegar nemendur hafa lokið þessu stendur þeim til boða þrjár línur.

Lína 2 – Stúdentspróf hraðferð 180 einingar.

Línan er ætluð þeim nemendum sem hafa skýra sýn á það nám sem þeir ætla að stunda á háskólastigi. Þeir taka áfanga upp á 4. stig á því sviði – hér er áhersla á dýpt en ekki breidd. Töluverðar kröfur um djúpan og góðan skilning nemenda á því sviði sem þeir völdu. Hér er val nemenda nánast ekkert – alveg skilyrt við það sem telst nauðsynlegt fyrir þessa línu. Möguleg svið væru t.d. Línan gerir töluverðar kröfur til nemenda. Sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Jafnvel hægt að hugsa sér að gera sterkari kröfur fyrir inntöku á þessa línu.

Læknissvið: Undirbúningur fyrir læknisfræði. Mikil áhersla á líffræði, efnafræði og eðlisfræði. Nemendur taka einnig nauðsynlega áfanga í sálfræði og heilbrigðisfræðum.

Verkfræðisvið: Undirbúningur undir verkfræðinám. Sterk áhersla á eðlisfræði og stærðfræði. Hugsanlega verklegir áfangar t.d. í málmi, suðu, vélfræði o.s.frv.

Jarð- og umhverfissvið: Undirbúningur fyrir nám í jarðvísindum (jarðfræði, jarðeðlisfræði, haffræði). Áhersla á jarðfræði áfanga, stærðfræði og efnafræði.

Hægt væri að hugsa sér fleiri svið en þessi eru tekin sem dæmi.

Lína 2 – Stúdentspróf 210 einingar

Hér er ætlunin að skapa meiri breidd. Nemendur velja sér tvö svið í stað eins. Sem fyrr eru efstu áfangar hugsaðir sem 4 stigs en sérhæfing minni en á Línu 1. Möguleg svið væru:

Umhverfis- og jarðfræðasvið

Heilsu- og líffræðisvið

Eðlisfræðisvið

Efnafræðisvið

Nemendur veldu tvö af þessum fjórum sviðum.

Lína 3 – Stúdentspróf + 240 einingar

Sama uppbygging og á línu 2 en hér veldu nemendur sér fleiri áfanga. Þá væri m.a. gert ráð fyrir því að mikill hluti af því viðbótarvali gæti verið á öðrum brautum.

9. Nýjar brautir

Verkefni:

Hópurinn leggur drög að nýrri /nýjum námsbraut/um á bóknámssviði sem ná upp á þriðja þrep.

Afurð:

Nýjar brautir:

Upplýsingatæknibraut. Fyrir alla sem ætla í tölvunarfræði, bókasafns og upplýsingfræði, fjölmiðlafræði, leikjafræði, forritun, kerfisfræði, netstjóra osfrv.

Þrep 7 - 17%	Þrep 50% (90 ein)	Þrep 33% (60 ein)	Þrep 0 - 10%
101+102 = 103 (UTN) 102+122=103 (stæ) 193+293=102 (stæ) 192+293=102 (ensk)		Forritun, stærðfræði, tölfræði, Aðferðafræði, tölvunarfræði, gagnasafnsfræði, notendaviðmót, sálfræði, upplýsingatækni, upplýsingafræði	Starfsþjálfun Iðnmenntun Sérhæfing Bóknámið Háksólaundirbúningur

Samgöngubraut. Hugsuð fyrir sjómenn, flugmenn, ökumenn, vistakstur, sjúkraflutningamenn, slökkviliðsmenn, lögreglumenn, ökukennara,

Þrep	Þrep	Þrep (180 ein)	Þrep
101+102 = 103 (UTN) 102+122=103 (stæ) 193+293=102 (stæ) 192+293=102 (ensk)		Kennsla á allar tegundir bifreiða, vistakstur, sálfræði kynja, flugnám, vélfraði, eðlisfræði, veðurfræði, haffræði, siglingafræði, sjómennska, vélfraði,	Starfsþjálfun Iðnmenntun Sérhæfing Bóknámið Háksólaundirbúningur

		radíóviðskipti. vélfraði, módelsmíði, rafmagnsfræði, siglingafræði, leit- og björgun.	
--	--	---	--

Umhverfis- og ferðamálabraut

Prep	Prep	Prep (180 ein)	Prep
101+102 = 103 (UTN) 102+122=103 (stæ) 193+293=102 (stæ) 192+293=102 (ensk)		Tungumál Hagnýtt nám. Leggjum drög að nýrri námbraut upp á 3 þrep. Umhverfislög, auðlyndaréttur, tungumál, landafræði, jarðfræði, náttúrufræði, stærðfræði, íslenska, upplýsingatækni, kortagerð, landfræðileg upplýsingakerfi, öll tungumál. (höfum þann mannauð sem til þarf nú þegar innan veggja skólans). ofl	Starfsþjálfun Iðnmenntun Sérhæfing Bóknámið Háksólaundirbúningur

Lýðheilsabraut Undirbúningur undir hjúkrun, sjúkrafr, íþróttir, lýðheilsufræði, læknisfræði.

Prep	Prep	Prep (180 ein)	Prep
+102 = 103 (UTN) +122=103 (stæ) +293=102 (stæ) +293=102 (ensk)		Sálfræði, aðferðafræði, heilsuefling, heilsuvelferð ákveðinna hópa, næringafræði, félagsfré, lífræði efnafræði, stærðfræði, íþróttá- og tómstundalið. ofl	Starfsþjálfun Iðnmenntun Sérhæfing Bóknámið Háksólaundirbúningur

Fjarnámsbraut – allt nám. Allar brautir en allt í fjarnámi.

Prep	Prep	Prep (180 ein)	Prep
+102 = 103 (UTN) +122=103 (stæ) +293=102 (stæ) +293=102 (ensk)			

Staðbundnar lotur, mæta í skólann í lotur í nokkra daga á önn. Heilsteypt nám þar sem hægt er að sækja allt nám. Kennt á laugardegi.

Málmiðnir

Fundur 17 marz vegna; ný braut/framaldsskólapróf.

Nokkrir punktar:

- Ný braut v/ framhaldsskólalaga
- 90 – 120 einingar
- Braut fyrir fólk sem vill ekki læra of mikið af bóklegu (eða hefur ekki getu til þess) hefur þá möguleika að bæta við sig ef það sér að það hefur möguleika til þess.
- Lært iðnverkafólk.
- Þarf að breyta áföngum eða nota þá sem fyrir eru?
- T.d REN – 103 í REN – 193?
- Beinagrind er komin af braut sem JIH sýndi okkur.
- Sp. um hvort að pláss sé fyrir þessa braut eða ekki.

13:00

Umræður héldu áfram og fóru þær um víðan völl, afhverju þarf að búa til ófaglærð iðnstörf, sumarvinna nemenda, afhverju má ekki taka sveinspróf hér á þessari deild?

Er möguleiki að kenna fyrsta stig vélavarðar?

Umræða spannst um lotukerfið, má segja að kennarar í málminum vilji ekki taka þetta kerfi upp.

Þetta voru helstu punktar sem ég skrifaði hjá mér enn það var allskonar umræða sem ég sett ekki á blað.

Véliðnbraut, VB, 3 til 4 anna braut til framhaldsskólaprófs

Á málmbraut var ákveðið að koma með tillögu að stuttri braut sem henti sem 90-120 f. eininga framhaldsskólapróf.

Fyrir hverja?

Hugmyndin er að námsbrautin komi til móts við þarfir þeirra sem hafa hugsað sér styttra nám á framhaldsskólastigi og hafa áhuga á að tileinka sér og starfa við járnsmíðar og vélaviðgerðir. Einnig opnast leið fyrir þá sem hefja nám við grunndeild málmiðna og ljúka ekki iðnnámi. Þeir eiga nú kost á að útskrifast með framhaldsskólapróf samkvæmt nýju framhaldsskólalögunum. Brautin verður að mestu byggð upp af áföngum úr grunndeild málmiðna sem nýtast þeim sem vilja halda áfram í iðnnámi. Samtímis eru teknir áfangar af almennu brautinni fyrir þá sem þess þurfa vegna slaks árangurs í grunnskóla. Hugmynd kom fram um að hafa einn stærðfræðiáfanga sem skyldunámsgrein. Hann verði byggður upp af hagnýtum atriðum sem koma að gagni í lífi og starfi. Má þar nefna flatamáls- og rúmfræði ásamt einföldum viðskipta og fjármálareikningi.

Með námsbrautinni opnast styttri námsleið á málmiðnasviði sem gefur aukna möguleika til starfa innan málmiðnaðar og viðgerðarvinnu. Einnig gefst ungu fólki sem ekki hyggur á iðnnám tækifæri til að öðlast þekkingu á öllum helstu grunnatriðum málmiðnaðar og vélaviðgerða. Nemendur sem ekki hafa áhuga á miklu bóklegu námi strax eftir grunnskóla geta á þennan hátt aukið þekkingu sína og

möguleika til starfa og frekara náms. Brautin er byggð upp þannig að ef nemendur fá áhuga á að halda náminu áfram geta þeir lokið við grunndeild málmíðna og hafið nám í framhaldsnámi á málmíðnabrautum.

Staðan.

Við eru byrjaðir að skoða mögulega uppröðun áfanga og er það í Excelskjali í viðhengi.

Til að ljúka framhaldsskólaprófi þarf 90-120 feiningar og á eftir að skoða nánar hvernig módelið getur verið aðlagð að því.

Bíliðnir

BORGARHOLTSSKÓLI Kjarnaskóli í bíliðnum BÍFVÉLAVIRKJUN I & II, 96 einingar

Námstími er 3,5 ár. Nám í skóla er 5 annir. Starfsþjálfun á bílaverkstæði í umsjón iðnmeistara í greininni er 48 vikur og er tekin í skólahléum og eftir 5. önn.

GRUNNNÁM BÍLIÐNA

1. ÖNN

Enska	ENS	102
Grunnteikning	GRT	103
Hlíðargassuða	HSU	102
Íslenska	ÍSL	102
Íþróttir	ÍÞR	101
Lífsleikni	LKN	103
Logsuða	LSU	102
Plötuvinna	PLV	102
Rafmagnsfræði	RAF	102
Skyndihjálp	SKY	101
Stærðfræði	STÆ	102
Fjöldi eininga:		22

BÍFVÉLAVIRKJUN I

2. ÖNN

Afrás - grunnur	BAX	101
Afrás, kúpling - girkassar I	BAX	211
Hemlar - grunnur	BBX	101
Vökvahemlar I	BBX	211
Efnisfræði	BEX	111
Hreyflar - grunnur	BHX	101
Hreyflar - ventlar	BHV	211
Plast, greining - viðgerðir	BPL	102
Stýri, fjöðrun - grunnur	BSX	101
Vélateikning	BVT	102
Verkstæðisfræði	BVX	101
Verkstæðisfræði	BVX	201
Eðlisfræði	EDL	102
Enska	ENS	202

Íslenska	ÍSL	202
Íþróttir	ÍÞR	111
Stærðfræði	STÆ	122
einingar á önn		23

BÍFVÉLAVIRKJUN I

3 ÖNN

Afrás - legur, drifliðir	BAX	311
Afrás-kúpling, girkassar II	BAX	411
Afrás - vökvaafi	BAV	511
Afrásir - drif	BAX	711
Vökvahemlar II	BBX	311
Þrýstiloftshemlar	BBP	511
Hreyflar - vélbúnaður	BHX	311
Stýri, fjöðrun - framvagn	BSX	211
Stýri, fjöðrun - hjólastilling	BSH	311
Stýri, fjöðrun - aflstýri	BSS	411
Stýri, fjöðrun - loftfjöðrun	BSL	511
Verkstæðisfræði	BVX	301
Yfirbyggingar - bifvélavirkjun	BYX	111
Yfirbyggingar - bifvélavirkjun	BYX	211
Íþróttir	ÍÞR	201
Danska, norska, sænska		102
einingar á önn		17

BÍFVÉLAVIRKJUN II

4. ÖNN

Hreyflar - innsprautun	BHI	411
Hreyflar - kveikikerfi	BHK	511

Rafeindatækni	BRA	111
Rafeindatækni	BRA	212
Raflagnateikning	BRT	102
Rafmagn - mælingar	BRX	201
Rafsegulfræði	BRS	312
Rafmagn - hleðsla	BRH	412
Rafmagn - ræsikerfi	BRR	511
Rafmagn - ljósakerfi	BRL	601
Íþróttir	ÍÞR	211
Rekstrarfræði	REK	102
Enska	ENS	212
einingar á önn		19

BÍFVÉLAVIRKJUN II

5. ÖNN

Afrásir - sjálfvirkir girkassar	BAS	612
Hemlar - ABS	BBX	411
Hreyflar - dísil	BHD	611
Hreyflar - tölvustýring	BHT	711
Hreyflar - bílanaleit	BHX	811
Hreyflar - viðgerðatækni	BHX	911
Rafeindatækni - bifvélavirkjun	BRA	311
Rafmagn - bílanaleit	BRX	712
Rafmagn - dísilhreyflar	BRD	811
Yfirbygging - mælingar	BYX	311
Ýmis búnaður og kerfi	BYX	102
Íþróttir	ÍÞR	301
einingar á önn		15

Hugmynd að þrepaskiptu námi í bíliðnum.

Mikil umræða hefur verið viðvarandi um stöðu iðngreinanna og hvernig starfsgreinin sem þjónar ökutækjum fái staðið undir þeim kröfum sem til hennar eru gerðar. Samfélagið gerir kröfur um framboð á starfsnámi sem annars vegar sé við hæfi þeirra sem það taka sér fyrir hendur og hins vegar að það mæti kröfum um getu og hæfni starfsmanna til að leysa af hendi þau verk sem þarf að vinna. Námskráin á að stuðla að því að hægt sé að mæta þessum kröfum.

Mikilvægur þáttur í þróun iðngreina er sveigjanleiki og aðlögun að þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Námskrána eða öllu heldur námið í bíliðngreinum þarf nú að skoða reglubundið og uppfæra eftir þörfum og hugleiða næsta skref. Það er því tímabært í upphafi þessarar námskrár að kynna hugmyndir um framhaldsþróun iðngreinanna.

3. þrep	Bílaíðnimeistari Rekstur/tækni	Bílaíðnimeistari Rekstur/tækni	Bílaíðnimeistari Rekstur/tækni	Bílaíðnimeistari Rekstur/tækni
2. þrep	Bílatæknir Kerfislegt verkefnasvið	Bílatæknir Kerfislegt verkefnasvið	Bílamálari Yfirborðsmeðferð	Bílasmiður Vélrænt verkefnasvið
1. þrep	Bílavirki Vélrænt verkefnasvið	Bílasmiður Vélrænt verkefnasvið	Bílasmiður Vélrænt verkefnasvið	Bílamálari Yfirborðsmeðferð

Fyrirsjáanlegar breytingar bíliðngreina til að mæta kröfum er væntanlega þrepanám og samþætting. Þar er átt við að iðngreinarnar verði hlutaðar niður í þrep eftir innihaldi tækniþátta.

Samtímis verða til nýjar iðngreinar sem sjálfkrafa fá ný heiti. Eftirfarandi tafla sýnir hugmynd að nýrri skipan með þrepanámi og fyrirsögn innihalds og tengingu þeirra sem er bæði lóðrétt og lárétt.

Nám á fyrsta þrepi allra iðngreinanna verði í raun mest handverk og fræðilegt nám sem því tengist. Á öðru þrepi verður annars vegar nám sem hefur hér samheitið „Kerfislegt verkefnasvið“ mest tengt rafbúnaði, tölvustýrðum kerfum og öryggisbúnaði og hins vegar verður annað þrep bílamálara og bílasmíða samþætting beggja iðngreina. Nám iðnmeistarar í bíliðngreinum verður svo samkvæmt sérstakri námskrá

LOTUR - VIKUR - BVL10E-20E-30E-40E Bifvélavirkjun I & II, 1. 2. 3. og 4. önn í lotum

Bókstafurinn E (í safnheiti v. dálki) táknar 14 einingar á önn eða 28 kennslustundir á viku í 14 vikur

FH II	vika 1	vika 2	vika 3	vika 4	vika 5	vika 6	vika 7	vika 8	vika 9	vika10	vika11	vika12	vika13	vika14
BVL30E FH	BRX201 IE B02	BRT102 IE B04	BRT102 IE B04	BRL601 HH B02	BRA111 KMG B02	BRS312 IE B02	BRS312 IE B02	BRA212 2. maí B02	BRA212 B02	BRH412 EÖJ B02	BRH412 EÖJ B02	BRR511 HGS B02	BH411 KMG B011	BHK511 KMG B11
BVL40E FH	BYX102 KMG B11	BYX102 KMG B11	BAS612 KMG B03	BAS612 KMG B03	BHD611 ÁG B04	BRD811 ÁG B04	BHT711 KMG B3	BYM311 HH B01	BBL411 ÁG B04	BRA311 KMG B03	BRL712 ÁG B11	BRL712 ÁG B11	BHX811 EÖJ B04	BHX911 EÖJ B04
EH I	vika 1	vika 2	vika 3	vika 4	vika 5	vika 6	vika 7	vika 8	vika 9	vika10	vika11	vika12	vika13	vika14
BVL10E EH	BVX101 HGS B03	BVX201 HGS B03	BEX111 ÁG	BSX101 ÁG B12	BHX101 HGS B12	BHV211 HGS B12	BPL102 SH B12	BPL102 SH B12	BVT102 HSP B01	BVT102 HSP B01	BBX101 HGS B03	BBV211 EÖJ B04	BAX101 EÖJ B04	BAX211 EÖJ B04
BVL20E EH	BAX311 HGS B01	BAG411 HGS B02	BHX311 IE B03	BYS111 HJ BM/BS	BYS211 HJ BM/BS	BBV311 EÖJ B04	BSS411 ÁG B04	BSL511 ÁG B04	BBP511 HGS B01	BVX301 EÖJ	BSF211 ÁG B04	BSH311 IE B04	BAV511 HGS B02	BAD711 HGS B02

Tillaga að lotu- og áfangaskipan í grunnnámi bíliðna.

	jan	jan	jan	feb	feb	feb	feb	mars	mars	mars	apr	apr	apr	apr
FH	vika 1	vika 2	vika 3	vika 4	vika 5	vika 6	vika 7	vika 8	vika 9	vika10	vika11	vika12	vika13	vika14
	GRT103	GRT103	GRT103	PLV102	PLV102	HSU102	HSU102	EDL102	EDL102	LSU102	LSU102	RAF102	RAF102	SKY101
	HSU102	HSU102	EDL102	EDL102	SKY101	GRT103	GRT103	GRT103	RAF102	RAF102	PLV102	PLV102	LSU102	LSU102
	LSU102	LSU102	RAF102	RAF102	EDL102	EDL102	PLV102	PLV102	HSU102	HSU102	SKY101	GRT103	GRT103	GRT103
	EDL102	EDL102	HSU102	HSU102	RAF102	RAF102	LSU102	LSU102	GRT103	GRT103	GRT103	SKY101	PLV102	PLV102
EH	vika 1	vika 2	vika 3	vika 4	vika 5	vika 6	vika 7	vika 8	vika 9	vika10	vika11	vika12	vika13	vika14
	EDL102	EDL102	PLV102	PLV102	LSU102	LSU102	RAF102	RAF102	GRT103	GRT103	GRT103	SKY101	HSU102	HSU102
	RAF102	RAF102	GRT103	GRT103	GRT103	HSU102	HSU102	SKY101	PLV102	PLV102	LSU102	LSU102	EDL102	EDL102
	LSU102	LSU102	RAF102	RAF102	EDL102	EDL102	PLV102	PLV102	HSU102	HSU102	SKY101	GRT103	GRT103	GRT103

Lotur í grunnnámi fyrir hádegi: kl 8:10 til 12:30

Lotur í grunnnámi eftir hádegi: kl 13:00 til 17:30

Almennt nám í grunnnámi bíliðna 9e + nám af seinni önnum 10e. Kennt samkvæmt áfangakerfi

Áfangar í grunnnámi fyrir hádegi: kl 8:10 til 12:30

FH

MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MÍÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
ÍSL102	STÆ102	ÍSL102	STÆ102	LKN103
ÍSL102	STÆ102	ÍSL102	STÆ102	LKN103
ENS102	DAN102	ENS102	DAN102	LKN103
ENS102	DAN102	ENS102	DAN102	LKN103
	ENS212			LKN103
	ENS212			LKN103

FH

STÆ102	ÍSL102	STÆ102	ÍSL102	LKN103
STÆ102	ÍSL102	STÆ102	ÍSL102	LKN103
DAN102	ENS102	DAN102	ENS102	LKN103
DAN102	ENS102	DAN102	ENS102	LKN103
				LKN103
				LKN103

FH

ENS102	DAN102	ENS102	DAN102	LKN103
ENS102	DAN102	ENS102	DAN102	LKN103
STÆ102	ÍSL102	ÍSL102	STÆ102	LKN103
STÆ102	ÍSL102	ÍSL102	STÆ102	LKN103
				LKN103
				LKN103

Áfangar í grunnnámi eftir hádegi: kl 13:00 til 17:30

EH

MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MÍÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
ÍSL102	STÆ102	ÍSL102	STÆ102	
ÍSL102	STÆ102	ÍSL102	STÆ102	
ENS102	DAN102 – STÆ122	ENS102 – STÆ122	DAN102	
ENS102	DAN102 – STÆ122	ENS102 – STÆ122	DAN102	
	LKN103	LKN103	LKN103	
	LKN103	LKN103	LKN103	

EH

STÆ102	ÍSL102	STÆ102	ÍSL102	
STÆ102	ÍSL102	STÆ102	ÍSL102	
DAN102	ENS102	DAN102 – ENS212	ENS102	
DAN102	ENS102	DAN102 – ENS212	ENS102	
ENS212	LKN103	LKN103	LKN103	
ENS212	LKN103	LKN103	LKN103	

EH

ENS102	DAN102 – ENS212	ENS102	DAN102 – ENS212	
ENS102	DAN102 – ENS212	ENS102	DAN102 – ENS212	
STÆ102	ÍSL102	ÍSL102	STÆ102	
STÆ102	ÍSL102	ÍSL102	STÆ102	
	LKN103	LKN103	LKN103	
	LKN103	LKN103	LKN103	

FAGGREINAR Í IÐNMEISTARANÁMI Í BÍLIÐNUM

BIFVÉLAVIRKJUN

BMV102

Stjórnun – leiðsögn

Áhersla á tengingu við bifvélavirkjun

Yfirlit um stefnumótun, stjórnun skipulagsheilda, starfsmannastjórnun, gæðastjórnun og þekkingarstjórnun. Leiðsögn iðnnema

BMU102

Umhverfisvernd – endurvinnsla

Útblásturshreinsun ottó- og dísilhreyfla. Efnaförgun; úrgangur og spilliefni frá verkstæðum, förgun bifreiða og íhluta. Meðhöndlun kælmiðla. Endurvinnsla efna. Heilsuvernd og slysavarnir.

BMÖ103

Öryggisbúnaður

Áhersla á tengingu við bifvélavirkjun

Kröfur framleiðenda, meðferð og umgengi við sprengihleðslur í öryggisbúnaði, Reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Öryggispúðar, öryggisbelti, ljósabúnaður, innbyggt öryggi yfirbyggingar bifreiða og byggingarhluta

BMH123

Hemlakerfi – hemlabúnaður

Áhersla á tengingu við bifvélavirkjun

Kröfur um ástand hemla og vinnu við hemla. Kröfur framleiðenda, Reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Hemlaprófun, útreikningur á hemlunarkrafti. Verklegt mat á ástandi hemlakerfa; þrýstiloftshemlar, vökvahemlar. ABS hemlar, spólvörn, skrikvörn

BMS122

Stýrisbúnaður – hjól og fjöðrunarkerfi

Áhersla á tengingu við bifvélavirkjun

Hjólhorn, hjólastefna; fólks- flutninga- hóp bifreiðar og eftirvagnar. Mat á ástandi yfirbygginga og burðarvirkis. Cabas matskerfi

BMR123

Tölvustýringar - upplýsingakerfi

Áhersla á tengingu við bifvélavirkjun

Tölvustýringar hreyfla, gírkassa og fjöðrunar. Tölvustýringar í yfirbyggingu; þjófafælur, þægindabúnaður; hitunar og loftfriskunarbúnaður, stilling sæta og spegla, leiðsögukerfi, myndavélar/skjáir.

FAGGREINAR Í IÐNMEISTARANÁMI Í BÍLIÐNUM

BIFREIÐASMÍÐI

BMV102

Stjórnun – leiðsögn

Áhersla á tengingu við bifreiðasmíði

Yfirlit um stefnumótun, stjórnun skipulagsheilda, starfsmannastjórnun, gæðastjórnun og þekkingarstjórnun. Leiðsögn iðnnema

BMU102

Umhverfisvernd – endurvinnsla

Áhersla á tengingu við bifreiðasmíði

Útblásturshreinsun ottó- og dísilhreyfla. Efnaförgun; úrgangur og spilliefni frá verkstæðum, förgun bifreiða og íhluta. Meðhöndlun kælimiðla. Endurvinnsla efna. Heilsuvernd og slysavarnir.

BMÖ103

Öryggisbúnaður

Áhersla á tengingu við bifreiðasmíði

Kröfur framleiðenda, meðferð og umgengni við sprengihleðslur í öryggisbúnaði, Reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Öryggispúðar, öryggisbelti, ljósabúnaður, innbyggt öryggi yfirbyggingar bifreiða og byggingarhluta

BMH111

Hemlakerfi – hemlabúnaður

Áhersla á tengingu við bifreiðasmíði

Kröfur um ástand hemla og vinnu við hemla. Kröfur framleiðenda, Reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Hemlaprófun, útreikningur á hemlunarkrafti. Verklegt mat á ástandi hemlakerfa; þrýstiloftshemlar, vökvaemlar. ABS hemlar, spólvörn, skrikvörn

BMS112

Stýrisbúnaður – hjól og fjöðrunarkerfi - yfirbygging

Áhersla á tengingu við bifreiðasmíði

Hjólhorn, hjól Stefna; fólks- flutninga- hóp bifreiðar og eftirvagnar. Mat á ástandi yfirbygginga og burðarvirkis. Cabas matskerfi

BMR112

Tölvustýringar – upplýsingakerfi

Áhersla á tengingu við bifreiðasmíði

Tölvustýringar í yfirbyggingu; þjófafælur, þægindabúnaður; hitunar og loftfrískunarbúnaður, stilling sæta og spegla, leiðsögukerfi, myndavélar/skjáir.

BMM113

Málmsuða og efnisfræði

Samsetningar; málmsuð, punktsuða, límingar. Málmar og efni í yfirbyggingum – greining – meðhöndlun.

FAGGREINAR Í IÐNMEISTARANÁMI Í BÍLIÐNUM

BÍLAMÁLUN

BMV102

Stjórnun – leiðsögn

Áhersla á tengingu við bílamálun

Yfirlit um stefnumótun, stjórnun skipulagsheilda, starfsmannastjórnun, gæðastjórnun og þekkingarstjórnun. Leiðsögn iðnnema

BMU102

Umhverfisvernd – endurvinnsla

Áhersla á tengingu við bílamálun

Útblásturshreinsun ottó- og dísilhreyfla. Efnaförgun; úrgangur og spilliefni frá verkstæðum, förgun bifreiða og íhluta. Meðhöndlun kælimiðla. Endurvinnsla efna. Heilsuvernd og slysavarnir.

BMÖ103

Öryggisbúnaður

Áhersla á tengingu við bílamálun

Kröfur framleiðenda, meðferð og umgengni við sprengihleðslur í öryggisbúnaði, Reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Öryggispúðar, öryggisbelti, ljósabúnaður, innbyggt öryggi yfirbyggingar bifreiða og byggingarhluta

BMÁ133

Málunartækni

Umgengni um málningarklefa og loftræstibúnað. Litafræði. Yfirborðsmeðferð. Málun „fornbíla“. Gerð og ásetning texta og skreytinga á bifreiðar.

BMS131

Matstækni

Mat á ástandi yfirbygginga og burðarvirkis. Cabas matskerfi.

Listnám

Kennarar lista- og fjölmiðlasviðs ræddu einkum styrkleika og veikleika núverandi brauta: margmiðlunarhönnunar, fjölmiðlatækni og bókasafnstækni. Niðurstaðan var sú að brautirnar byðu upp á nútímalegt nám í samfélagi þar sem mikil og aukin þörf væri fyrir fólk með góðan grunn á sviði fjölmiðla og upplýsingatækni. Styrkur brautanna liggur í þeirru sérstöðu að lögð er áhersla á listrænan skilning og færni sem undirstöðu hvers kyns hönnunar og framsetningar myndræns efnis andstætt námi þar sem fyrst og fremst er boðið upp tæknilega færni. Núverandi uppbygging brautanna taldi fólk vera mjög í anda þeirra hugmynda sem hin nýju lög boða þar sem áhersla er lögð á þekkingu, leikni og hæfni, að geta hagnýtt þátt þekkingu sem aflað er. Í þessum anda er nám okkar nú þegar upp byggt, það er verkefnaþætt, að mestu byggt á símati, oft á hópvinnum og að hluta til á opinni verkstæðisvinnu.

Talsvert var rætt um þann mikilvæga þátt sem leiklist hefur innan skólans. Boðið hefur verið upp á sex áfanga í leiklist með úrvals kennurum auk þess sem leiklistin er mikilvægur þáttur á starfsbraut skólans og settar eru upp sýningar og leiklistarnemar taka þátt í uppákomum innan skólans og utan. Skólinn hefur nú þegar fengið jákvætt orðspor út á leiklistina, hingað sækja nemendur sem áhuga hafa á leiklist og héðan fara nemendur til náms í leiklist. Kennarar lista- og fjölmiðlasviðs telja löngu tímabært að stofna sérstaka leiklistarbraut innan skólans en með því móti mundum við treysta enn frekar í sessi sérstöðu skólans á sviði listnámskennslu með tiltölulega lítilli viðbót en það er og verður mikilvægt með aukinni samkeppni framhaldsskólanna.

Ýmislegt var rætt sem bæta mætti og endurskoða með með tilkomu nýrra laga. s.s. að efla stórlega vinnustaðanám, efla stígandina í náminu með því m.a. að endurskoða upphafsáfangu, efla bekkjarkefi og bjóða upp á fjölbreyttari möguleika við námslok, efla sýnileika brautanna og varðveislu nemendaverka.

Markmið:

- ❖ Að hreyfing og heilsurækt séu eðlilegur hluti skólastarfsins.
- ❖ Að nemendur tileinki sér nauðsynlega þekkingu og færni hvað varðar hreyfingu og heilsurækt og útskrifist frá skólanum með hæfni til að nýta þessa þætti.
- ❖ Að einstaklingurinn fái tækifæri til að upplifa ánægju og vellíðan gegnum hreyfingu út í frá fjölbreyttu tilboði íþróttaráfanga og í gegnum faglegan stuðning kennara.
- ❖ Að með markvissri hreyfingu og þekkingaröflun á sviði heilsuræktar nái nemandinn að byggja upp grunn sem hann getur byggt á í framtíðinni.
- ❖ Að hreyfing verði eðlilegur hluti af daglegu lífi þar sem að einstaklingurinn nýtur þess að stunda hreyfingu á eigin forsendum og af eigin frumkvæði.
- ❖ Að íþróttir við skólann taki þátt í þverfaglegu samstarfi og séu sýnilegar í fjölbreyttu námi við skólann.

Í almenna hluta laganna kemur m.a. fram að skipulag, námsframboð og inntak á að taka mið af því að byggja skóla starfið á heilbrigðu lífni og frumkvæði nemenda.

Í ljósi þessa finnst okkur íþróttakennurum mikilvægt í þessu nútímasamfélagi að hreyfing þurfi að vera inni á öllum önnum nemenda við Borgarholtsskóla. Að hreyfa sig og borða hollan mat er mjög mikilvægt fyrir hvern einstakling. Rannsóknir víða um heim sýna að afleiðingar hreyfingarleysi og óholls mataræðis er alvarleg ógn við lífsgæði fólks. Það er líka umhugsunarefni fyrir skólann okkar að koma með úrræði fyrir alla þessa nemendur sem eru með brotna sjálfsmynd, þunglyndi og offitu. Það þarf jafnvel sérúræði fyrir þennan hóp.

Mikilvægi hreyfingar og næringar fyrir heilsu mun áfram verða eitt af mikilvægustu þáttum heilbrigðs lífs, ekki síst vegna vaxandi ofþyngdar með tilheyrandi sjúkdómum og vanlíðan.

Hugmyndavinna, hvað varðar möguleika á útfærslum nýrra/gamalla brauta og áfanga, takmarkast í raun eingöngu af hugmyndafluginu einu og hafa íþróttakennarar skólans ekki verið neindir dragbítar í þeim efnum. Það er líklegra að peningar og skipulag skólans standi í vegi fyrir nýjum hugmyndum, en við vonum þó ekki ☺

Samantekt og mat

Meginmarkmið starfsdaga Borgarholtsskóla í mars sl. var að fá starfsmenn skólans til að rýna í hugmyndafræði nýrra laga með því að vinna verkefni þeim tengd og skapa þannig hugmyndir sem nýta mætti til áframhaldandi þróunarstarfs samfara innleiðingu laganna.

Þær hugmyndir sem komu fram áttu margt sammerkt. Þar má nefna vilja til þverfaglegs samstarfs í BHS. Þessi vilji birtist m.a. í útfærslum á framhaldsskólaprófinu en þeir hópar sem fjölluðu um prófið vildu að lögð yrði áhersla á fjölbreyttar námsleiða í Borgarholtsskóla við samsetningu prófsins. Einnig má nefna notkun námsþingsins (Moodle) þvert á skólann, sameiginlega stefnu skólans í anda nýrra laga sem finna má í niðurstöðum hópa sem fjölluðu um hugmyndafræðilegt námsumhverfi skólans og endurskoðaða stefnuskrá hans.

Hugmyndafræði nýs annarskipulags, nýannir, er ein af þeim leiðum sem skoðaðar voru til að samhæfa hið flókna skipulag BHS og auka þannig möguleikana á þverfaglegu samstarfi. Hér er um nokkurskonar málamiðlun að ræða og er hugmyndin sú að með fjögurra anna kerfinu geti allar deildir sameinast í einu heildarskipulagi.

Áhugaverðar brautir voru kynntar til sögunnar en í þeim felst m.a. þverfaglegt samstarf. Athygli vekur að þeir hópar sem höfðu það verkefni með höndum að smíða nýjar brautir fyrir BHS gáfu sér mjög mismunandi forsendur. Á meðan sumir vildu hreinlega kollvarpa því fyrirkomulagi sem nú er við lýði, t.d. með því að afleggja sjálfstæða kennslu í tungumálum að mestu, voru aðrir á því að vinna að mestu innan núverandi kerfis en með aukinni dýpt og breidd. Einnig var fjallað um hvernig styrkja megi fullorðinsfræðslu í Borgarholtsskóla með því m.a. að bjóða upp á fleiri áfanga innan skólans með dreifnámsfyrirkomulagi (þannig ættu fleiri deildir skólans að koma að dreifnáminu). Að lokum má lesa mikla möguleika til þverfaglegs samstarfi úr niðurstöðum þess hóps sem fjallaði um lykilhæfnipætti. Sá hópur sá fyrir sér sameiningu nemenda í einum áfanga sem fjallar um 5 þætti af 8 lykilhæfnipáttum laganna. Hópurinn sá fyrir sér að kennarar skólans nýttu styrkleika sína, sérhæfðu sig á ákveðnu sviði lykilhæfnipáttanna og færust á milli námshópa með áhugaverða óhefðbundna fyrirlestra og nemendamiðuð verkefni.

Seinni starfsdagurinn var að mestu helgaður vinnu í deildum með það að markmiði að lögð yrðu drög að ytri ramma einstakra brauta. Svo virðist sem blaðið hafi að nokkru leyti snúist við frá fyrri deginum og að umræðan hafi að mestu snúist um starfið innan hvernar deildar fyrir sig án þess að hugað væri að samstarfi við aðrar deildir í skólans. Þetta má telja eðlilegt í ljósi metnaðar kennara fyrir starfi sinnar námsbrautar.

Af ummælum þátttakenda má ráða annars vegar gagnrýni á að verkefni starfsdaga hafi sum verið óskýr og óljós og að skýrari línur hafi vantað frá stjórnendum um framkvæmd fyrirhugaðra breytinga. Hins vegar lýstu margir ánægju sinni með starfsdagana og þá einkum það að fá frelsi til að skapa og vera í samskiptum við starfsmenn á öðrum sviðum.

Starfsdagarnir voru fyrsta skrefið í ferð sem endar með því að við í BHS verðum búin að innleiða nýju lögin að fullu, að öllum líkindum skólaárið 2011-2012. Við sem skipulögðum starfsdagana teljum mikilvægt sé að fara í þá vinnu með jákvæðu hugarfari og með viljann til að gera gott betra að vopni. Gleymum ekki hinu gamla góða en nýtum þau tækifæri sem í frelsinu felast. Byggjum brýr en ekki veggi!

Næstu skref – lokaorð frá skólameistara

Tilgangur starfsdaganna var fyrst og fremst að leita samráðs og hugmynda frá kennurum um það hvernig skólinn bregst við hinum nýja veruleika laganna. Nú að þeim loknum hafa því orðið til verðmæt gögn sem vinna þarf úr og marka næstu skref.

Sótt hefur verið um styrk sem mun gera okkur kleift að hefja markvissara innleiðingarferli sem felst m.a. í verkefnastjórn og starfsemi stýrihóps sem samhæfir innleiðingarstarfið. Auk þess verða settir af stað nokkrir starfshópar sem munu vinna áfram með hugmyndir sem fram hafa komið.

Stýrihópurinn mun setja saman nánari stefnuýfirlýsingu sem lögð verður fram á starfsdögum í maí. Meginverkefni stýrihópsins er samhæfing, heildarsýn og stefnumótun m.t.t. hugmyndafræði laganna og markmiða breytinganna auk þess að vera til ráðgjafar og stuðnings vinnuhópum. Í stýrihópnum sitja Anton Már Gylfason ritstjóri skólanámskrár, Guðmundur Guðlaugsson aðstoðarskólameistari, Guðrún Ragnarsdóttir kennslustjóri og Ólafur Sigurðsson skólameistari og verður hópurinn í nánu sambandi við þá sem sitja vikulega kennslustjórafundum og mynda þeir e.k. bakhóp.

Meðal þeirra verkefna sem starfshópum verður ætlað að sinna, undir stjórn kennslustjóra eða stýrihóps/bakhóps eftir atvikum eru:

- *Framhaldsskólapróf, skilgreining náms og mismunandi tegunda námsloka*
- *Grunndeildir málm- og bíliðna, sameining og hagræðing*
- *Framhaldsnám í málm- og bíliðnum*
- *Listnám í margmiðlunarhönnun og fjölmiðlatækni, nýskipan og námskrárgerð*
- *Starfsnámsbrautir í félagsliðanámi og námi fyrir stuðningsfulltrúa, skólaliða og leiðbeinendur í leikskóla, starfsnámsbraut verslunargreina*
- *Útfærsla á stúdentsprófi*
- *Notkun dreifnáms/námsþings með Moodle, bæði sem sjálfstæðrar námsleiðar og sem hluta af dagskólanámi*
- *Starfsþjálfun nemenda á starfsnámsbrautum skólans*
- *Útfærsla og þróun áfanga sem taka mið af 8 lykilhæfniviðmiðum (EQF eða NQF)*
- *Starfsbraut/sérdeild*
- *Hugað að útfærslu náms á 4. þrepi*
- *Nýtt heildarskipulag náms við Borgarholtsskóla þar sem lögð verður áhersla á að skipta námi niður í smærri einingar en nú er gert*

Varðandi síðasta atriðið skal áréttað að nauðsynlegt er að koma á sameiginlegu heildarskipulagi í skólanum. Áformað er að þróa nýtt námsskipulag í BHS þar sem byggt er á fjórum námsönnum á skólaári í stað tveggja. Tilgangur skipulagsbreytingarinnar er að fækka þeim námsgreinum sem nemandi tekst á við á hverjum tíma, auka samfelldan námstíma á viku í hverju fagi og stytta tímenn sem líður milli upphafs náms í áfanga og námsmats, stuðla að samhæfðara og heildstæðara skólasamfélagi svo nemendur eigi auðveldara með að

sækja sér nám utan síns sviðs. Mikil reynsla er fyrir hendi í BHS hvað þetta varðar. Má þar nefna lotukerfi í framhaldsdeildum bíliðngreina og tarnafyrirkomulag sem notað hefur verið á almennum námsbrautum. Í ráði er að skoða reynslu annarra skóla af breyttri skipan og jafnframt að tilraunakeyra á næsta skólaári tiltekna áfanga/brautir í fjögurra anna kerfi.

Önnur atriði sem nefnd eru verða skilgreind nánar á komandi dögum og vikum í samráði við viðkomandi kennslustjóra og/eða stýrihóp.

Heildartímarammi er að hluta óljós vegna ytri aðstæðna en þó er ljóst að undirbúningi er ekki slegið á frest og nýta þarf þetta ár vel. Stefnt er að því að tilraunakeyra ýmsa kosti á skólaárinu 2010-11 og frá og með hausti 2011 verði gengin í gildi ný námskrá.

Lögð er áhersla á að starfið á næstu misserum mun taka mið af þeim mannauði sem fyrir er í skólanum þannig að sjálf innleiðing laganna mun ekki hafa í för með sér uppsagnir kennara vegna skipulagsbreytinga. Einnig er ljóst að í innleiðingarferlinu verður að stórum hluta byggt á grunni sem lagður hefur verið á hinum ýmsu námsbrautum.

Hin sameiginlega sýn skólans birtist í stefnuskrá okkar sem skrifuð var 2004 og endurskoðuð á starfsdögum. Þar eru m.a. tilgreind grunngildi, framtíðarsýn og lykiláherslur með nemandann í brennidepli. Nánari endurskoðun á lykiláherslum þarf þó að fara fram í ljósi breyttra laga.

Helsti styrkleiki skólans er hin mikla fjölbreytni hans sem gerir okkur kleift „að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi“ (Lög um framhaldsskóla 92/2008, 2. grein). Það hefur verið metnaðarmál okkar og grundvöllur að góðu orðspori að þjóna fjölbreyttum nemendahópi. Svo verður áfram. Tækifæri gefst nú til að móta eftir eigin höfði leiðir til að gera enn betur og ber að nýta það vel þannig að bæði fjölbreytni og sérhæfð þekking/hæfni starfsmanna fái notið sín. Nemendur okkar fái með öðrum orðum að njóta þeirrar fjölbreytni, t.d með fjölpættu námsvali til framhaldsskólaprófs og/eða stúdentsprófs um leið og við tryggjum nemendum sérhæft listnám/starfsnám í hæsta gæðaflokki.